FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

304. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 28. DESEMBER 2017

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hörmulegt rútuslys

Ung kínversk kona lést og rúmlega tuttugu slösuðust skammt frá Klaustri. Um 300 manns komu að björgunaraðgerðum í gær og gult viðbúnaðarstig var á Landspítalanum. Gríðarlegt lán að þyrla gæslunnar var skammt frá. Sjá síðu 10

Launagreiðslur aldrei verið hærri

EFNAHAGSMÁL Launagreiðslur fyrirtækja og stofnana voru á síðasta ári í fyrsta sinn hærri en þær voru árið 2007. Hafa þær aldrei verið eins háar. Þetta kemur fram í grein Páls Kolbeins rekstrarhagfræðings í nýjasta tölublaði Tíundar, fréttablaðs Ríkisskattstjóra.

Fyrirtæki og stofnanir greiddu 1.231 milljarð króna í laun í fyrra. Var raunvirði launagreiðslnanna tæpum 64,5 milljörðum króna hærra en árið 2007 þegar greiðslurnar námu um 1.160 milljörðum. Raunvirði launa rýrnaði umtalsvert í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008 þegar atvinna þvarr og gengi krónunnar féll, að sögn Páls, en frá árinu 2010 hafa launagreiðslurnar hækkað um hátt í 330 milljarða eða 36 prósent.

Páll vekur athygli á því að launagreiðslur í atvinnugreinum sem tengjast ferðaþjónustu hafi hækkað umtalsvert, eða um allt að 97 prósent, á síðasta ári. Eftir sem áður greiddu ríki og sveitarfélög hvað hæstu fjárhæðina í laun eða ríflega 301 milljarð sem er um 24,5 prósent launa í landinu. Þar á eftir komu fyrirtæki í atvinnugreininni frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra sem greiddu um 39,5 milljarða í laun. – **kij / sjá síðu 8**

Páll Kolbeins rekstrarhagfræðingur.

36%

aukning hefur orðið á raunvirði launa frá 2010.

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra segir stjörnurnar vísa veginn. 16

SPORT Kjör íþróttamanns ársins verður kunngjört í kvöld. Lið og þjálfari ársins verða valin sérstaklega. 20

MENNING Þær Guja, Sólborg og Catherine flytja sígilda tónlist í Laugarneskirkju annað kvöld, við kertaljós. 28

LÍFIÐ Kristján Jóhannsson nældi sér í kvef á Þorláksmessu og gat því ekki sungið í messu á jólunum. 38

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SMÁRALIND

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

KRÓNAN

Veður



Í dag verður austan gola eða kaldi á landinu. Víða léttskýjað, en dálítil él með norður- og austurströndinni. Það er að kólna meira hjá okkur.
SJÁ SÍÐU 24

Kostnaður fylgir frestun Medeu

MENNING Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, segir að ekki sé búið að taka saman kostnað leikhússins við að fresta sýningum á Medeu fyrr í þessum mánuði, hann sé þó einhver.

Til stóð að frumsýna verkið 29. desember en frumsýningin hefur nú verið færð til 13. janúar næstkomandi í kjölfar þeirrar ákvörðunar leikhússins að láta einn aðalleikara sýningarinnar, Atla Rafn Sigurðarson, taka pokann sinn á dögunum.

„Við erum ekki endanlega búin að taka saman kostnaðinn við þetta en tekjurnar koma auðvitað síðar en áætlað var. Frumsýningin verður 13. janúar og það kemur annar leikari inn í sýninguna. En það verður alltaf einhver kostnaður sem fylgir svona," segir Kristín í samtali við Fréttablaðið.

Frumsýningin verður 13. janúar og það kemur annar leikari inn í sýninguna. En það verður alltaf einhver kostnaður sem fylgir svona.

Kristín Eysteinsdóttir, Borgarleikhússtjóri

Hjörtur Jóhann Jónsson mun taka við hlutverkinu af Atla Rafni og kveðst Kristín fullviss um að hann muni rúlla þessu upp, þrátt fyrir stuttan fyrirvara.

Aðspurð segir Kristín að ekki hafi verið mikil afföll hjá fólki sem hafði tryggt sér miða á sýningarnar í desember. Mikið af því hafi verið kortagestir sem hafi tekið vel í nýjar dagsetningar en fólki standi til boða að færa sig ef ný dagsetning hentar ekki. **– smj**

Fullt út úr dyrum í Blóðbankanum

Ákveðið var að lengja opnunartímann í Blóðbankanum í gær þegar óskað var eftir að blóðgjafar í O-flokki gæfu blóð vegna rútuslyssins vestan við Kirkjubæjarklaustur. Ekki var um neyðarástand að ræða en þörf var á blóði enda bankinn ekki verið opinn síðan fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ráðherra skipar nýjan hóp um búvörusamninga

LANDBÚNAÐUR Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur ákveðið að endurskipa samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga.

Samráðshópnum verður sent erindisbréf sem tekur mið af þeim áherslum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur og þeim umræðum sem fram fóru á Alþingi þegar gildandi búvörulög voru samþykkt. Hópurinn á að ljúka störfum í síðasta lagi í lok árs 2018.

Í fráfarandi samráðshópi voru þrettán fulltrúar og var hann skipaður af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þáverandi landbúnaðarráðherra, í lok janúar síðastliðins. Fulltrúum verður nú fækkað í sjö. **– iþb / hg**

Bergþóra er öflug. Kúlur sem springa í rauðar og grænar brakandi glitrandi stjörnur. Því næst gulllituð pálmablóm með hvítu og grænu leifturljósi og að lokum gulllituð pálmablóm með bláum, rauðum og grænum laufum sem falla niður. Endar á silfurlituðu stjörnuregni með blossum.

Djákni hefur ekki trú á vinsælli plastsuðu

Bók um eldunaraðferðina „sous vide" er uppseld hjá útgefanda og tæki til plastsuðunnar voru vinsæl jólagjöf. Matgæðingar eru þó ekki á eitt sáttir um ágæti þessa og Guðmundur Brynjólfsson djákni telur skammlífa bólu á ferðinni.

SAMFÉLAG „Þetta endar bara eins og fótanuddtækin og SodaStream og annað kjaftæði sem hefur komið og farið í gegnum tíðina," segir Guðmundur Brynjólfsson, rithöfundur og djákni, sem hefur miklar efasemdir um plastsuðuaðferðina sem kennd er við „sous vide".

„Fólk hefur eldað fullkominn mat í gegnum árþúsundin. Af hverju þarf allt í einu að fara að koma með einhvern poka til þess? Fólk hefur étið dýrindismat frá alda öðli og þá voru engir plastpokar komnir."

Guðmundur segir hræsnina ráða för þegar plastið er annars vegar: „Þetta er nú meiri sýndarmennskan. Þúsundir manna börðu sér á brjóst á haustdögum og fram á jólaföstu og afsögðu plastpoka. Maður hefur verið litinn hornauga í Bónus og Krónunni fyrir að veiða sér plastpoka. Nú hafa vandlætararnir tekið sig til og ákveðið að það sé best að sjóða ofan í sig, það sem sótt var í strigapokum út í búð, í plastpokum."

Guðmundur viðraði þessa skoðun sína á Facebook og fjörugar umræður spunnust í kjölfarið og sitt sýndist hverjum. Honum er meðal annars bent á að maturinn er soðinn í „hágæða bpa-lausum plastpokum" og að tilgangurinn er að „ná hinni fullkomnu eldun fyrir hráefni sem auðvelt er að eyðileggja með ofeldun".

Guðmundur gefur lítið fyrir slíkt tal: „Kerlingar stóðu við hlóðir til forna og elduðu eins og snillingar en nú getur enginn eldað sér kjötlæri lengur án þess að vera með hitamæli í kjötinu."

Guðmundur Brynjólfsson, djákni og rithöfundur, líkir „sous vide"-æðinu við tískubólur á borð við fótanuddtækin og SodaStream. MYND/EGILL BJARNASON

Áferðin á matnum var eins og á dósamat. Ég myndi aldrei nota svona græju.

Sigurveig Káradóttir, eigandi Matarkistunnar

Þórarinn Eldjárn rithöfundur lagði orð í belg á Facebook-síðu Guðmundar með tillögu að íslensku heiti yfir hið óþjála „sous vide": „Ég hef undrast það hví ekki hefur þótt taka því að gefa þessari bólu íslenskt nafn. Plastsuða eða plesting, væri það ekki tilvalið?"

Sigurveig Káradóttir, eigandi Matarkistunnar, hefur heldur ekki mikið álit á plastsuðunni: „Ég hef svosem litla skoðun á þessu en hef prófað mat sem er eldaður svona og fannst hann ekki góður. Áferðin á matnum var eins og á dósamat. Ég myndi aldrei nota svona græju."

Matgæðingurinn Nanna Rögnvaldardóttir, höfundur fjölda vinsælla matreiðslubóka, tekur í svipaðan streng: „Ég hef oft borðað mat sem er eldaður svona. Stundum hefur hann verið góður, stundum ekki og ég er nú meira fyrir aðrar aðferðir." **thorarinn@frettabladid.is**


TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY
ÞAÐ GENGUR FJÖLLUM HÆRRA
NÝR LAND CRUISER
KEMUR TIL BYGGÐA 6. JANÚAR

3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Stefnt að því að afgreiða fjárlagafrumvarpið úr þinginu annað kvöld

ALÞINGI Vonir standa til þess að hægt verði að ljúka þingstörfum fyrir áramót annað kvöld, að sögn Steingríms J. Sigfússonar, forseta Alþingis.

„Við klárum bara það sem er tengt áramótunum, fjárlögin, fjáraukalögin og tekjubandorminn," segir Steingrímur. Auk þess eru nokkur önnur mál á dagskrá eins og veiting ríkisborgararéttar. „Það sér alveg til lands með þetta allt saman en við frestum því sem er ekki alveg bráðnauðsynlegt," segir Steingrímur.

Tvö mál urðu að lögum fyrir áramót. Annars vegar var þar um að ræða breytingar á útlendingalögum og geta útlendingar nú fengið svokallað námsmannadvalarleyfi hér á landi á grundvelli iðnnáms, en ekki bara á grundvelli háskólanáms. Ákveðið var að bregðast við með lagasetningu eftir að í ljós kom að samkvæmt nýjum útlendingalögum

Steingrímur J. Sigfússon.

væri víetnömskum matreiðslunema, Chuong Le Bui, meinað að dvelja hér á landi.

Hins vegar voru samþykktar breytingar á dómstólalögum vegna þeirrar breytinga sem verða á dómstólaskipan í upphafi nýs árs þegar Landsréttur tekur til starfa.

Á þingfundi í dag mun svo fara fram sérstök umræða um fátækt. Þar er Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, málshefjandi en Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, verður til andsvara.

Á meðal þingmála sem verður frestað til næsta árs eru lokafjárlög ársins 2016 og stjórnartillaga um stofnefnahagsreikninga ríkisins.

Að auki eru fjölmörg þingmannamál sem bíða umræðu. Eins og frumvarp þingmanna Pírata um að ekki verði unnt að leggja lögbann á fréttir fjölmiðla án undangengins úrskurðar héraðsdóms, þingsályktun Samfylkingarinnar um aðgengi að sálfræðingi í framhaldsskólum og fleira. **– jhh**

Ætla í viðræður um sameiningu fyrir austan fjall

SVEITARSTJÓRNIR Flóahreppur hefur þekkst boð Árborgar um viðræður um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna tveggja auk Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Í svarbréfi til Árborgar óskar sveitarstjórn Flóahrepps eftir því að komið verði á viðræðum kjörinna sveitarstjórnarmanna um sameininguna en undirstrikar að þær viðræður fari fram „án allra skuldbindinga".

Alls búa 648 manns í Flóahreppi, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 594 og í Árborg er 8.471 íbúi. Samtals yrðu íbúar sameinaðs sveitarfélags þannig 9.713 sem er sambærilegt við Mosfellsbæ þar sem 9.783 bjuggu í byrjun desember. **– gar**

Slasaðist þegar farþegabátur steytti á skeri

SLYS Einn af átta sem voru um borð slasaðist minniháttar þegar farþegabáturinn Austri SH steytti á skeri við Skoreyjar skammt frá Stykkishólmi um klukkan 14.00 í gær.

Farþegarnir, sjö manna bresk fjölskylda og þar á meðal kornabarn, voru nokkuð skelkaðir og var þeim veittur sálrænn stuðningur hjá Rauða krossinum í Stykkishólmi.

Björgunarsveitarfólki og skipverjum á nærstöddum bátum tókst að bjarga Austra frá því að sökkva en leki var kominn að honum þegar aðstoð barst. **– hg**

LEIÐRÉTTING

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir er þingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi en ekki bæjarfulltrúi í Kópavogi, líkt og fullyrt var í Fréttablaðinu í gær.

Agnes borgar tæp 90 þúsund í leigu fyrir biskupsbústaðinn

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, tiltók í bréfi sínu til Kjararáðs sérstaklega að hún greiddi nú leigu fyrir afnot af embættisbústað sínum. Húsaleigan nemur að hennar sögn tæpum 90 þúsund krónum á mánuði. Um er að ræða 487 fermetra hús í Bergstaðastræti í miðbæ Reykjavíkur þar sem biskup þarf að búa.

KJARAMÁL Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, greiðir að eigin sögn tæpar 90 þúsund krónur á mánuði í leigu fyrir embættisbústað sinn í Bergstaðastræti 75 í miðbæ Reykjavíkur. Biskupi er skylt að búa í húsinu en farið var að rukka biskup og vígslubiskupa um leigu af bústöðum sínum árið 2012. Þessi húsaleigugreiðsla var ein af forsendunum sem biskup tiltók í bréfi sínu til kjararáðs þegar óskað var eftir endurmati á launum.

Kjararáð hækkaði sem kunnugt er mánaðarlaun biskups um 18 prósent þann 19. desember síðastliðinn og eru þau eftir hækkun rúmar 1,5 milljónir króna. Hækkunin vakti hörð viðbrögð ekki síst vegna þess að hún er afturvirk til 1. janúar 2017 og mun biskup því eiga von á eingreiðslu upp á 3,3 milljónir króna á nýju ári.

Í bréfi biskups til kjararáðs voru skyldur, umfang og ábyrgð embættisins rakin og ýmis rök færð fyrir því að tímabært væri að ráðið hækkaði launin. Sérstaklega var tilgreint að biskup greiddi nú húsaleigu fyrir afnot sín af embættisbústað þeim sem honum væri skylt að sitja. Í orðalaginu fólst að þarna hefði orðið breyting á frá fyrri tíð. Agnes segir í samtali við Fréttablaðið að kirkjuþing hafi ákveðið að hefja að rukka biskup Íslands og vígslubiskupa um leigu skömmu áður en hún tók við embætti árið 2012.

„Við greiðum núna húsaleigu en ekki forverar okkar. Leigan er ákveðin samkvæmt starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar."

Aðspurð kveðst Agnes ekki vita nákvæmlega hversu há leigan er.

Embættisbústaður biskups Íslands í Bergstaðastræti 75 er reisulegt hús í hjarta miðbæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég deili eldhúsi með veisluþjónustu eins og ég segi stundum.
>
> Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands

„Þetta er eitthvað tæplega 90 þúsund krónur."

Í starfsreglunum er kveðið á um að leigan skuli aldrei vera lægri en 36 þúsund krónur á mánuði né hærri en 70 þúsund en þessar fjárhæðir taka breytingum samkvæmt neysluvísitölu og eru ákvarðaðar árlega.

Biskupsbústaðurinn er reisulegt 487 fermetra hús í hjarta miðbæjarins þar sem fasteignamat ársins 2018 nemur 185 milljónum króna. Leigan er því trauðla sligandi miðað við það sem gengur og gerist á leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu.

Búsetukvöðin getur þó tekið á, enda oft mikið um að vera í bústaðnum.

„Mér er skylt að búa hérna, þetta er biskupssetur, biskupsgarður, sem þýðir að þetta er líka móttökustaður fyrir móttökur biskups. Ég deili eldhúsi með veisluþjónustu eins og ég segi stundum. Það er bara eitt eldhús í húsinu og maður veit ekki alltaf hver er að vinna í eldhúsinu manns," segir Agnes. **mikael@frettabladid.is**

RAM 1500 OG 3500 KOMNIR
TRYGGÐU ÞÉR ÞITT EINTAK!

1500 MEÐ 3.0 LÍTRA 240 HÖ.
ECODIESEL VÉL
VERÐ FRÁ KR. 9.990.000

2018
3500 MEÐ 6.7 LÍTRA CUMMINS
DIESEL 385 HÖ.
VERÐ FRÁ KR. 6.120.968 ÁN VSK
KR. 7.590.000 MEÐ VSK

RAM

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

ÁRAMÓTATILBOÐ
Í RÚMFATALAGERNUM

Allir eldhús- og borðstofustólar
20-40%
afsláttur

Allir plastkassar
20-30%
afsláttur

Öll lök
20-30%
afsláttur

Öll kerti, stjakar og luktir
20-30%
afsláttur

Allir skór og fatnaður
25%
afsláttur

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA TIL 31.12



Laugin í Þjórsárdal er ónýt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný laug og hótel rísa í Þjórsárdal

FERÐAÞJÓNUSTA Auglýsa á breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi svo hægt verði að byggja nýja sundlaug í Þjórsárdal og gistiaðstöðu þar hjá. Þetta var samþykkt í skipulagsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þremur dögum fyrir jól.

„Áætlanir eru um að byggja upp baðstað á svæðinu með laugasvæði fyrir almenning, ásamt búningsaðstöðu, veitingastað og gistiaðstöðu í allt að 40 herbergjum/gistirýmum. Mannvirki verða á allt að tveimur hæðum og felld að landi eins og kostur er," segir í skipulagslýsingu. Það er Rauðikambur ehf. sem stendur að verkefninu. Félagið er í eigu Ragnheiðar B. Sigurðardóttur, Ellerts K. Schram og Magnúsar Orra Schram, fyrrverandi alþingismanns. – **gar**

Minntust Bhutto við gröf hennar

Stuðningsmenn stjórnarandstöðunnar í Pakistan, Þjóðarflokksins, fjölmenntu í gær við gröf Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra landsins. Tíu ár voru þá liðin frá því að hún var ráðin af dögum í miðri kosningabaráttu í pakistanska þorpinu Gari Khuda Buksh. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vill breytingar í þágu allra fjölmiðla

Mennta- og menningarmálaráðherra segir að taka verði tillit til allra fjölmiðla þegar skattalegu umhverfi þeirra verður breytt. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar vill afnema virðisaukaskatt af áskriftasölu fjölmiðla og þrengja að stöðu RÚV á auglýsingamarkaði.

FJÖLMIÐLAR „Það liggur alveg fyrir og stendur í stjórnarsáttmálanum að við ætlum að skoða starfsumhverfi íslenskra fjölmiðla til að styrkja það. Eitt af því sem hefur verið nefnt er skattalegt umhverfi og ég hef í hyggju að koma með tillögur sem miða að þessu," segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, skrifaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann leggur til að virðisaukaskattur á áskriftum prent-, ljósvaka- og netmiðla verði afnuminn. Slíkar breytingar geti orðið mikilvægt skref til að styrkja rekstur sjálfstæðra fjölmiðla og væri um leið yfirlýsing um nauðsyn þess að leiðrétta samkeppnisstöðuna.

Eðli málsins samkvæmt myndi slík aðgerð gagnast betur þeim fjölmiðlum sem byggja rekstur sinn á áskriftartekjum í bland við auglýsingatekjur en þeim sem byggja reksturinn einvörðungu á auglýsingatekjum.

„Vandinn er sá að þú ert alltaf með fílinn í herberginu og fíllinn heitir Ríkisútvarpið," segir Óli Björn við Fréttablaðið. Ríkisútvarpið taki stóran hluta af því ráðstöfunarfé sem fólk ver í fjölmiðla með lögþvinguðum hætti og hann sjái enga möguleika á að því verði hætt í fyrirsjáanlegri framtíð. „Ég held að það sé ekki pólitískur vilji til þess. Þá kemur að því að þú getur að minnsta kosti komið til móts við sjálfstæða fjölmiðla er varðar virðisaukaskattinn."

> **Því öflugri fjölmiðla sem við erum með, því meiri líkur eru á því að við náum að styrkja umhverfi íslenskunnar.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Óli Björn segir þingið líka standa frammi fyrir því hvort hægt sé að ganga enn lengra í að jafna stöðuna með því að þrengja að stöðu RÚV í því að keppa við einkarekna fjölmiðla á auglýsingamarkaði. Jafnframt þurfi að setja þrengri skorður við kostun. „Ég held að velflestir ríkisreknir fjölmiðlar í nágrannalöndunum séu ekki á auglýsingamarkaði."

Lilja segir að nálgast verði málið heildstætt. „Það verður tekið tillit til allra þeirra fjölmiðla sem eru starfandi og til þess hvernig samkeppni þeir eru í, við erlenda aðila og annað." Lilja fagnar því að formaður efnahags- og viðskiptanefndar vilji styrkja rekstrarumhverfi fjölmiðla. „Ég er líka að nálgast þetta út frá því að setja íslenskuna í öndvegi. Því öflugri fjölmiðla sem við erum með, því meiri líkur eru á því að við náum að styrkja umhverfi íslenskunnar," segir hún.

Lilja segist geta hugsað sér að leggja fram þingsályktunartillögu um íslenskuna. Hafa svo fimm liði undir því, það eru fjölmiðlar, kvikmyndir, bókmenntir, tónlist og máltækni. **jonhakon@frettabladid.is**

Meira sælkera

Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Rósakál 500 g

Brakandi ferskt rósakál

249 kr/pk

Sætar kartöflur

Ómissandi með kalkúninum

349 kr/kg

Argentína kalkúnafylling

Tilbúin gæða fylling

1.399 kr/stk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

MAST Matvælastofnun

ÚTGÁFA REKSTRARLEYFA TIL FISKELDIS

Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði

Í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi hefur Matvælastofnun veitt Arctic Sea Farm og Fjarðalaxi rekstrarleyfi til fiskeldis í Patreks- og Tálknafirði. Heimil framleiðsla fyrirtækjanna tveggja eru 17.500 tonn af laxi. Heimil framleiðsla Fjarðalax er 10.700 tonn og Arctic Sea Farm er heimilt að framleiða 6.800 tonn. Framkvæmd fyrirtækjanna fór í gegnum sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Útgefin rekstrarleyfi, álit Skipulagsstofnunar og afstaða Matvælastofnunar til álitsins má nálgast á vef stofnunarinnar: **www.mast.is**.

Auglýsing þessi er sett fram með vísan í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Heimilt er að kæra ákvörðun Matvælastofnunar um útgáfu rekstrarleyfa til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til og með **27. janúar 2018**.



Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti aldrei hærri

Tekjur ríkisins af tekjuskatti, sem lagður er á hagnað fyrirtækja, hafa aldrei verið hærri en á síðasta ári. Hafa þær hækkað um 44 milljarða á átta árum. Launagreiðslur fyrirtækja og stofnana voru í fyrra í fyrsta sinn hærri en árið 2007.

EFNAHAGSMÁL Tekjur ríkisins af tekjuskatti fyrirtækja hafa aldrei verið hærri en á síðasta ári. 80,5 milljarðar króna voru lagðir á fyrirtæki í tekjuskatt á árinu sem er rúmum átta prósentum meira en árið 2007 þegar tekjuskatturinn nam 74,4 milljörðum. Þá voru launagreiðslur fyrirtækja og stofnana á síðasta ári í fyrsta sinn hærri en þær voru árið 2007 og hafa þær aldrei verið eins háar.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í grein Páls Kolbeins rekstrarhagfræðings í nýjasta tölublaði Tíundar, fréttablaðs Ríkisskattstjóra. Segir hann niðurstöður álagningar opinberra gjalda vegna síðasta árs vera „órækan vitnisburð þeirrar grósku“ sem landsmenn nutu á árinu. „Það er engum blöðum um það að fletta að nú ríkir góðæri á Íslandi,“ segir hann.

Páll tekur fram að tekjur ríkisins af tekjuskatti, sem lagður er á hagnað fyrirtækja, hafi hækkað mikið frá árinu 2009 eftir að hafa lækkað verulega í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008. Nemur hækkunin alls um 44 milljörðum króna, eða 120,5 prósentum. Annars vegar hafi skatthlutfall hlutafélaga hækkað úr 15 prósentum árið 2010 í 20 prósent árið 2012, eða um þriðjung á tveimur árum, og hins vegar hafi tekjur og hagnaður fyrirtækja stóraukist á síðustu árum og því hafi tekjur af skattinum hækkað.

Á sama tíma, frá 2009 til 2016, hefur tekjuskattsstofninn vaxið, að sögn Páls, um tæplega 151 milljarð, eða 64 prósent.

Hann nefnir að ef tekjuskattur hefði verið 15,4 prósent í álagningunni nú, eins og hann var að jafnaði af tekjum ársins 2009, þá hefði hann skilað ríkinu tæpum 20,7 milljörðum á þessu ári umfram það sem hefði verið ef skatturinn hefði verið óbreyttur frá árinu 2009.

Fram kemur í grein Páls að fá fyrirtæki greiði bróðurpart alls tekjuskatts. Til marks um það greiddu aðeins 80 fyrirtæki meira en hundrað milljónir hvert í tekjuskatt af hagnaði síðasta árs, en tæpir 44,9 milljarðar voru lagðir á umrædd fyrirtæki, eða um 56 prósent heildarálagningarinnar. Þá greiddu sjö fyrirtæki meira en milljarð í tekjuskatt.

Það er engum blöðum um það að fletta að nú ríkir góðæri á Íslandi.

Páll Kolbeins, rekstrarhagfræðingur hjá Ríkisskattstjóra

80,5

milljarðar króna voru lagðir á fyrirtæki í tekjuskatt í fyrra.

Þó svo að tiltölulega fá fyrirtæki greiði stærstan hluta tekjuskatts hefur lögaðilum á skattskrá fjölgað verulega frá hruni. Alls fjölgaði tekjuskattsskyldum lögaðilum um 2.081 í fyrra og hefur þeim ekki fjölgað jafn mikið á einu ári frá árinu 2007.

Í grein Páls er tekið fram að fyrirtæki og stofnanir hafi greitt 1.231 milljarð króna í laun á síðasta ári. Hafa launagreiðslurnar aldrei verið hærri. Raunvirði launagreiðslna í landinu var tæpum 64,5 milljörðum hærra í fyrra en árið 2007 þegar greiðslurnar námu um 1.160 milljörðum. Raunvirði launa rýrnaði umtalsvert í kjölfar fjármálahrunsins árið 2008 þegar atvinna þvarr og krónan féll í virði, að sögn Páls, en frá árinu 2010 hafa launagreiðslurnar hækkað um hátt í 330 milljarða króna.

Páll vekur athygli á því að launagreiðslur í atvinnugreinum sem tengjast ferðaþjónustu hafi hækkað umtalsvert, eða allt að 97 prósent, á síðasta ári. Eftir sem áður greiddu ríki og sveitarfélög, í atvinnugreininni, hvað hæstu fjárhæðina í laun eða ríflega 301 milljarð sem er um 24,5 prósent launa í landinu. Þar á eftir komu fyrirtæki í atvinnugreininni sem greiddu um 39,5 milljarða í laun. **kristinningi@frettabladid.is**

Aukinn sveigjanleiki í töku lífeyris

Hálfur lífeyrissjóður og hálfur ellilífeyrir, án tekjutenginga

Frá og með 1. janúar 2018 er mögulegt að taka hálfan ellilífeyri hjá TR á móti hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum og hafa tekjur þá ekki áhrif á upphæð ellilífeyris.

Skilyrði eru:

- Vera 65 ára eða eldri.
- Allir lífeyrissjóðir umsækjanda, innlendir og erlendir, hafi samþykkt töku á hálfum lífeyri.
- Samanlögð réttindi hjá lífeyrisjóðum og TR séu að lágmarki jöfn fullum ellilífeyri TR.
- Greiðslur lífeyrissjóða og TR hefjist samtímis.

Nánar á tr.is

TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

ÚTSALA

ELKO

Suðurlandsvegur var lokaður langt fram á kvöld en hörgull var á tækjabúnaði til að koma rútunni á réttan kjöl. Hann var opnaður á nýjan leik á tíunda tímanum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gulu viðbragðsstigi var lýst yfir á Landspítalanum vegna slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tólf voru fluttir alvarlega slasaðir með tveimur þyrlum til Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Berjast fyrir lífi sínu eftir rútuslysið

Minnst einn lést og fjöldi er sár eftir að rúta endaði utan vegar skammt frá Kirkjubæjarklaustri. Gildi viðbragðsáætlana og samhæfðra æfinga viðbragðsaðila sannaðist en yfirmaður sjúkraflutninga á Suðurlandi segir rök hníga til þess að þyrla sé alltaf til taks á svæðinu.

SLYS Kínversk kona á þrítugsaldri lést þegar hópferðabíll ók aftan á fólksbíl og endaði utan vegar á Suðurlandsvegi skammt frá Kirkjubæjarklaustri skömmu fyrir hádegi í gær. Tólf voru fluttir alvarlega slasaðir með þyrlum Landhelgisgæslunnar (LHG) á Landspítalann en aðrir voru fluttir í fjöldahjálparstöð á Klaustri. Yfirmaður sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) segir að mikið hafi munað um að ein af þyrlum LHG hafi verið í æfingaflugi á svæðinu.

Tilkynning um slysið barst á tólfta tímanum. 44 kínverskir ferðamenn voru um borð í rútunni auk ökumanns og leiðsögumanns. Fyrstu viðbragðsaðilar komu frá Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri. Um leið lá umfang slyssins fyrir og ákveðið var að virkja hópslysaáætlun. Aðgerðastjórn var sett á laggirnar á Selfossi og samhæfingarstöð var komið á í Skógarhlíð. Um 180 manns komu að aðgerðum á vettvangi en um 300 alls að aðgerðinni í heild.

„Við tjölduðum öllu til sem hægt var að tjalda. Það vildi svo heppilega til að ein þyrla LHG var í Vestmannaeyjum og gat komið beint þaðan," segir Styrmir Sigurðsson, yfirmaður sjúkraflutninga HSu.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum.

Tveir farþegar lentu undir rútunni en það tókst að ná þeim þaðan með hjálp vinnulyftu í einkaeigu frá Vík í Mýrdal. Annar þeirra var úrskurðaður látinn á slysstað. Heimildir Fréttablaðsins herma að fleiri farþegar hafi kastast út úr rútunni.

„Eftir að fólkið hafði verið losað hófst vinna við að forgangsraða fólki. Landspítalanum hafði verið gert viðvart og voru níu fluttir þangað mjög alvarlega slasaðir með þyrlum LHG. Þrír til viðbótar, minna slasaðir, fóru með þyrlunum," segir Styrmir. Aðrir hafi verið fluttir í fjöldahjálparstöð á Kirkjubæjarklaustri en þaðan voru tíu fluttir með þyrlu á HSu. „Ég vil hrósa öllum sem komu að þessu. Frá vettvangi og til Reykjavíkur auk allra annarra sem að þessu komu."

„Það var mikið högg að fá tólf í einu en samvinnan við alla gekk mjög vel fyrir sig, eins og hún gerir nánast alltaf. HSu axlaði miklar byrðar sem gerði það að verkum að við gátum einbeitt okkur að þessum tólf mest slösuðu," segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum.

Ólafur segir að Landspítalinn sé alltaf fullnýttur og því hafi þurft að byrja á því að skapa rými fyrir þá sem fluttir voru á spítalann af slysstað. Einhverjir sjúklingar hafi því verið fluttir á Akranes. Slysið kom á versta tíma fyrir spítalann enda yfirleitt álagstími strax eftir jólin. Gulu viðbragðsstigi var lýst yfir á spítalanum og fólki bent á að leita á heilsugæslustöðvar og Læknavaktina. Viðbragðsstiginu var aflétt klukkan sex í gær.

Hafa verið með hjartað í buxunum

Það sem af er ári hafa orðið minnst þrettán óhöpp þar sem hópferðabílar koma við sögu hér á landi. Í flestum hafa ekki orðið nein, eða minniháttar slys, á fólki. Nokkur þeirra urðu í heilbrigðisumdæmi Suðurlands.

„Við höfum verið mjög upp-teknir undanfarna daga. Við höfum verið með hjartað í brókinni, að svona geti gerst, í ljósi gríðarlegs álags stórra ökutækja á svæðinu," segir Styrmir Sigurðsson hjá HSu.

Styrmir segir að samræmdar aðgerðaáætlanir og æfingar geri fólk betur í stakk búið til að takast á við slík áföll en helst vildu menn að aldrei þyrfti að reyna á þær. Kallað hefur verið eftir því að hálkuvarnir verði bættar fyrir austan Vík og vegir bættir.

„Það að fyrsta þyrlan hafi verið í æfingaflugi virkaði í raun eins og hún væri á staðvakt. Það var gríðarlega mikilvægt. Það ýtir undir þá skoðun sem við höfum haft að það eigi alltaf að vera sjúkraþyrla tiltæk á staðvakt á Suðurlandi," segir Styrmir.

Í hópslysaæfingum hér á landi hafa meðal annars verið æfðar aðstæður þar sem flytja þarf fólk úr landi vegna álags á stofnanir hérlendis.

„Það hefði þurft að minnsta kosti tvöfalt fleiri slasaða til að setja okkur í þá stöðu en slíkt fer að sjálfsögðu eftir aðstæðum á stofnunum og eðli áverka hverju sinni. Slíkt er inni í viðbragðsáætlunum okkar og almannavarna," segir Ólafur. „Það er svo verðmætt að vera búin að æfa viðbrögð. Við höldum reglulega æfingar og það skilar sér." **johannoli@frettabladid.is**

Nordea-stórbankinn þarf að greiða 2 milljónir evra í sekt í Lúxemborg.

Banki greiði sekt í kjölfar Panamalekans

LÚXEMBORG Fjármálaeftirlitið í Lúxemborg hefur sektað Nordea-stórbankann í kjölfar afhjúpana í Panamaskjölunum sem lekið var í apríl 2016.

Þar kom fram að Nordea hafði aðstoðað ríka skjólstæðinga við að stofna skúffufyrirtæki í gegnum lögmannsstofu í Panama.

Fjármálaeftirlitið í Lúxemborg segir bankann og átta aðrar fjármálastofnanir hafa brotið gegn lögum um peningaþvætti.

Sektin sem Nordea og aðrar peningastofnanir þurfa að greiða nemur rúmlega 2 milljónum evra. **– ibs**

Færri en þúsund ISIS-liðar eftir

MIÐ-AUSTURLÖND Færri en þúsund vígamenn hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki eru eftir í Írak og Sýrlandi. Frá þessu mati sínu greindi hernaðarbandalagið gegn ISIS, sem Bandaríkjamenn eru í forsvari fyrir, í gær.

Vel hefur gengið í baráttunni gegn ISIS og hafa samtökin misst höfuðvígi sín í ríkjunum tveimur á árinu. Bæði Írakar og Sýrlendingar hafa nýverið lýst yfir sigri í stríðinu gegn samtökunum og nú er unnið að því að endurheimta alla þá bæi sem ISIS-liðar höfðu sölsað undir sig.

Flestir þeirra vígamanna sem eftir eru eru nú hundeltir í eyðimörkum Austur-Sýrlands og Vestur-Íraks. **– þea**

Konum finnst þær stundum ekki nógu klárar til að spyrja. NORDICPHOTOS/GETTY

Karlar spyrja meira en konur eftir fyrirlestra

VÍSINDI Karlar rétta miklu oftar upp hönd til að spyrja spurninga að loknum fyrirlestrum en konur. Þetta eru niðurstöður þriggja rannsókna sem greint er frá á vísindavefnum forskning.no og Times Higer Education.

Stærsta rannsóknin sem tók til 247 málstofa hjá 35 stofnunum í 10 löndum sýndi að það er meira en tvöfalt líklegra að karl spyrji spurninga eftir fyrirlestur en kona.

Á málstofunum var hlutfall kvenna og karla næstum jafnt í salnum en það skipti ekki máli. Kyn fyrirlesara hafði heldur ekki áhrif.

Ef gefinn var meiri tími til spurninga spurðu nokkuð fleiri konur spurninga. Það sem hins vegar skipti mestu máli var hver spurði fyrstu spurningarinnar.

Kynjamunurinn hvarf ef það var kona sem spurði fyrst. Spurningarnar sem komu á eftir skiptust nokkurn veginn jafnt á milli kynja í slíkum tilfellum. **– ibs**

Mestu fangaskipti í Úkraínu frá upphafi átakanna

ÚKRAÍNA Aðskilnaðarsinnar í austurhluta Úkraínu og úkraínski herinn skiptust í gær á föngum. Um er að ræða mestu fangaskipti frá því átök á svæðinu brutust út árið 2014 og þau fyrstu í fimmtán mánuði.

Úkraínski herinn endurheimti sjötíu fanga sem aðskilnaðarsinnarnir, sem eru á bandi Rússa, höfðu haldið í Donetsk og Luhansk. Á móti voru 260 uppreisnarmenn látnir lausir.

Fangaskipti voru á meðal þess sem kveðið var á um í friðarsamkomulaginu sem undirritað var í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, fyrir tveimur árum. Hins vegar hefur lítið orðið af fangaskiptum síðan þá. Greinendur sögðu í gær að fangaskipti gærdagsins bentu ekki til þess að friður væri að nást á svæðinu enda héldu báðar fylkingar enn miklum fjölda fanga.

Samkvæmt BBC ætluðu úkraínsk yfirvöld að láta 306 fanga lausa. Sumir þeirra vildu hins vegar ekki fara aftur til aðskilnaðarsinnanna en ástæður þess eru ekki þekktar. Samningaviðræður um fangaskiptin komu meðal annars á borð Rússlandsforseta og Úkraínuforseta. **– þea**

Þessi uppreisnarmaður var frelsinu feginn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

Fimmtudagur 28. desember	11.00 - 18.00
Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00 - 20.00
Föstudagur 29. desember	10.00 - 20.00
Laugardagur 30. desember	10.00 - 19.00
Sunnudagur 31. desember – gamlársdagur	Lokað
Mánudagur 1. janúar – nýársdagur	Lokað
Þriðjudagur 2. janúar	11.00 - 18.00
Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00 - 20.00

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM65276

Auðsöfnun hinna ríku fjórfaldaðist á milli ára

Hinir ríkustu verða enn ríkari. Fimm hundruð ríkustu einstaklingar heims högnuðust um billjón dali. Stofnandi Amazon græddi mest og er ríkasti maður heims. Mestur er þó samanlagður vöxtur velda kínverskra milljarðamæringa.

VIÐSKIPTI Fimm hundruð ríkustu einstaklingar heims högnuðust fjórfalt meira á þessu ári en því síðasta. Um er að ræða 23 prósenta, eða einnar billjónar dala, aukningu samanborið við 237 milljarða á síðasta ári. Þetta samsvarar 2,7 milljarða dala gróða á hverjum degi, andvirði 284 milljarða króna. Heildarverðmæti eigna hinna 500 eru metnar á 5,3 billjónir bandaríkjadala sem samsvarar rúmlega hálfum billjarði króna. Bloomberg tók saman skýrslu um fjármál þeirra ríkustu, líkt og hvert ár, og birti í gær.

Óumdeildur sigurvegari ársins þykir Amazon-stofnandinn Jeff Bezos. Sá bætti mestu í peningakassann á árinu, 34,2 milljörðum dala. Sú viðbót henti Bill Gates af stalli ríkasta manns heims en þeim titli hafði Microsoft-stofnandinn haldið frá því í maí 2013. Bezos fór meðal annars yfir hundrað milljarða dala þröskuldinn í nóvemberlok en eins og stendur eru eignir hans metnar á 99,6 milljarða dala samanborið við 91,3 milljarða dala Gates.

Samkvæmt Bloomberg var árið þó einna best hjá kínverskum milljarðamæringum. Samtals bættu þessir 38 Kínverjar við sig 177 milljörðum dala og er um 65 prósenta gróða hjá Kínverjunum að ræða samanborið við um tuttugu prósenta vöxt velda evrópskra og bandarískra auðjöfra. Þá eru nú fleiri asískir milljarðamæringar en bandarískir í fyrsta sinn samkvæmt skýrslu PricewaterhouseCoopers.

Tveir Kínverjar þóttu standa sig allra best á árinu. Annars vegar Hui Ka Yan, stofnandi China Evergrande Group, sem bætti við sig 25,9 milljörðum dala, um 350 prósenta hagnaði, og þar með næstflestum dölum á eftir Bezoz. Hins vegar óx ríkidæmi Ma Huateng, stofnanda tæknifyrirtækisins Tencent, einna mest. Hann varð næstríkasti maður Asíu þegar verðmæti eigna hans tvöfaldaðist á árinu.

Sé litið til þess á hverju milljarðamæringarnir auðguðust var vöxturinn mestur hjá tæknijöfrum. Alls eru 57 í þeim flokki á lista Bloomberg og bættu þeir samtals við sig 262 milljörðum bandaríkjadala. Er því um að ræða 35 prósenta aukningu.

Ríkastur og græddi mest

Jeff Bezos
Eignir: **99,6 milljarðar** Bandaríkjadala
Stofnandi **Amazon**
Græddi **34,2 milljarða** dala

Græddi næstmest

Hui Ka Yan
Eignir: **33,3 milljarðar** Bandaríkjadala
Stofnandi **China Evergrande Group**
Græddi **25,9 milljarða** dala

Ekki lengur ríkastur

Bill Gates
Eignir: **91,3 milljarðar** Bandaríkjadala
Stofnandi **Microsoft**
Græddi **8,89 milljarða** dala

Tapaði mestu

Patrick Drahi
Eignir: **6,27 milljarðar** Bandaríkjadala
Eigandi fjarskiptafyrirtækisins **Altice**
Tapaði **4,06 milljörðum** dala

23%

aukning varð á samanlögðum hagnaði 500 ríkustu einstaklinga heims á árinu.

58 milljarðamæringar töpuðu hins vegar á árinu. Meðal annars sádiarabíski prinsinn Alwaleed Bin Talal, ríkasti maður Sádi-Arabíu, sem tapaði 1,9 milljörðum bandaríkjadala eftir að hann var hnepptur í varðhald vegna spillingarrannsóknar yfirvalda. Samanlagt tap þessara 58 milljarðamæringa var 46 milljarðar bandaríkjadala.

Þá uppgötvaði Bloomberg 67 nýja milljarðamæringa á árinu. Ýmsir þeirra eru úr tæknigeiranum, meðal annars stofnendur Roku og Wayfair. Með gríðarlegri hækkun Bitcoin undir lok árs urðu einnig til nokkrir nýir milljarðamæringar. Til að mynda tvíburarnir Tyler og Cameron Winklevoss sem lesendur gætu þekkt úr kvikmyndinni The Social Network en þeir lögsóttu Facebook-manninn Mark Zuckerberg, sem hagnaðist um 22,6 milljarða á árinu, árið 2004 fyrir að hafa stolið hugmynd þeirra.

thorgnyr@frettabladid.is

Tengingin
skiptir máli
Vodafone styður
Landsbjörg
Við hvetjum landsmenn til að styðja
við bakið á björgunarsveitunum.
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

Kerfi ójafnaðar

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Þegar kyndilberar frjálsra markaða eru byrjaðir að vara við vaxandi ójöfnuði á Vesturlöndum, þá er það vísbending um að eitthvað mikið sé að.

Ójöfnuður er orðinn svo mikill í mörgum vestrænum ríkjum að það jaðrar við einhvers konar óeðli. Ríkasta 1 prósentið í Bandaríkjunum, Kanada og Vestur-Evrópu tók til sín 28 prósent af allri hækkun rauntekna á tímabilinu 1980-2016 á meðan eignaminni helmingurinn tók til sín aðeins 9 prósent af hækkun rauntekna á sama tímabili. Þessar upplýsingar koma fram í nýrri skýrslu, World Inequality Report. Í Bandaríkjunum eingöngu tók ríkasta 1 prósentið til sín jafn mikla hækkun rauntekna og 88 prósent bandarísku þjóðarinnar.

Þegar skoðuð er tekju- og eignaþróun á 20. öldinni sést að það á sér stað mikil breyting upp úr 1980. Færð hafa verið rök fyrir því að sá ójöfnuður sem við sjáum á Vesturlöndum í dag eigi rætur sínar í skatt- og reglugerðabreytingum sem ráðist var í á níunda áratug síðustu aldar og síðar. Að einhverju leyti er þetta rétt enda hefur hömlulaus frjálshyggja nýst ríkasta prósentinu best. En svo virðist sem aukinn ójöfnuður eigi sér margþættari skýringar og hann aukist og minnki á víxl. Martin Wolf, efnahagsritstjóri Financial Times, bendir á í nýrri grein að eftir landbúnaðarbyltinguna hafi ójöfnuður í samfélögum komið í sveiflum. Sláandi ójöfnuður hafi þrifist í landbúnaðarsamfélögum fortíðar. Hann hafi síðan orðið ennþá ýktari eftir iðnbyltinguna seint á 18. öld. Áföll eins og styrjaldir, mannskæðar plágur og hungursneyð hafi síðan jafnað út sveiflurnar.

Þótt ójöfnuður komi í sveiflum er engum vafa undirorpið að skattkerfið getur leikið stórt hlutverk í að ýta undir hann. Ójöfnuður á Íslandi jókst á árunum fyrir banka- og gjaldeyrishrunið að hluta til vegna uppbyggingar skattkerfisins enda var fjármagnstekjuskattur lengi vel aðeins 10 prósent hér á landi. Áður en lögum var breytt árið 2009 var eingöngu greiddur fjármagnstekjuskattur af arði sem greiddur var út úr hlutafélögum og einkahlutafélögum. Þetta fyrirkomulag var mjög óréttlátt og ýtti undir ójöfnuð enda var það til þess fallið að hygla fjármagnseigendum.

Í nýrri bók Arnaldar Sölva Kristjánssonar og Stefáns Ólafssonar, Ójöfnuður á Íslandi, kemur fram að skattbyrði hafi í reynd verið færð frá hátekjuhópum yfir á mið og lægri tekjuhópa á árunum 1995-2008. Þar er jafnframt rekið að skattar skýri um 20-30 prósent af þróun ójafnaðar síðustu áratugi. Vöxtur fjármagnstekna vegi þar þungt en fjármagnstekjur fóru upp í 80 prósent heildartekna hjá tekjuhæsta eina prósenti þjóðarinnar á árunum 2005-2007.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur hækki úr 20 í 22 prósent. Í framhaldinu stendur til að endurskoða skattstofninn en markmiðið er að gera skattkerfið réttlátara óháð uppruna tekna. Þetta er jákvætt skref og það er mikilvægt að við lærum af mistökum fortíðar sem birtust meðal annars í misræmi milli skattlagningar fjármagns- og launatekna. Skattkerfið á ekki að vera hannað til að ýta undir ójöfnuð.

Þótt ójöfnuður komi í sveiflum er engum vafa undirorpið að skattkerfið getur leikið stórt hlutverk í að ýta undir hann.

Halldór



Frá degi til dags

Maður allra ára

Fjölmiðlar leita nú logandi ljósi að „manni ársins“ og Útvarp Saga er þar engin undantekning. Á þeim bænum er sá háttur hafður á að hlustendur hringja tilnefningar sínar inn í Símatíma stöðvarinnar. Hafa nöfn Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, og Helga Vilhjálmssonar í Góu oft verið nefnd en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, virðist í einna mestum hávegum hjá hlustendum. Hann var maður ársins hjá Sögu í fyrra enda hefur hann löngum átt traust bakland í hlustendum stöðvarinnar. Enn hafa aðeins tvær konur verið tilnefndar; Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Hallgrímskirkja öllum opin

Uppnám varð á Pírataspjallinu á Facebook yfir hátíðarnar þegar því var slengt fram að útlendingar hefðu verið skildir frá Íslendingum við messuhald í Hallgrímskirkju á aðfangadagskvöld. Íslendingar hafi síðan verið í forgangi. Fárið byggðist þó á misskilningi. Kirkjan stóð öllum opin þar til hún fylltist en þá var gestum vísað í suðurálmuna. Í fyrra var þessi möguleiki ekki í boði og margir þurftu frá að hverfa. Samkvæmt kirkjuverði var fjöldi erlendra ferðamanna við helgihaldið og höfðu margir vaðið fyrir neðan sig og voru mættir tímanlega til þess að tryggja sér sæti.

thorarinn@frettabladid.is

Stjörnurnar vísa veginn

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Kjör á íþróttamanni ársins fer fram í dag. Þetta er mikilvæg hefð í íslensku íþróttalífi landans þar sem árið er gert upp. Íþróttafólk ársins í öllum greinum kemur saman og tekur við viðurkenningum fyrir góðan árangur á árinu sem er að líða. Þessi viðburður á sér sögu frá árinu 1956 þegar nokkrir starfandi íþróttafréttamenn stofnuðu Samtök íþróttafréttamanna 14. febrúar til þess að vinna að betri aðstöðu við störf sín á vettvangi. Viðburðurinn skipar mikilvægan sess í hugum manna og ávallt sýnist sitt hverjum um valið hverju sinni, sem er til merkis um ástríðu Íslendinga á íþróttum.

Á undanförnum árum hefur afreksfólk okkar náð einstökum árangri. Afreksfólkið sjálft hefur lagt á sig miklar og þrotlausar æfingar til þess að ná því markmiði að geta keppt á við besta íþróttafólk veraldar. Þetta er mikilvægasti þátturinn í árangri þeirra. En það skiptir ekki síður máli að sköpuð séu góð skilyrði fyrir afreksfólkið til þess að hægt sé að ná svona langt. Stjórnvöld hafa með nýlegum samningum við íþróttahreyfinguna lagt aukinn stuðning til afreksstarfs til þess að styðja betur við þessa þróun og efla árangur afreksíþróttafólks enn frekar.

Á undanförnum árum hefur afreksfólk okkar náð einstökum árangri. Afreksfólkið sjálft hefur lagt á sig miklar og þrotlausar æfingar til þess að ná því markmiði að geta keppt á við besta íþróttafólk veraldar.

Afrek íþróttafólksins okkar eru ósjaldan uppspretta samræðna og gleði. Reglulega sameinar það okkur fyrir framan sjónvarpsskjái vítt og breitt um landið og veitir ungu fólki innblástur til að stunda íþróttir, leggja sig fram og ná langt. Þetta er ómetanlegt á svo margan hátt. Forvarnargildi skipulagðs íþróttastarfs hefur til að mynda sannað gildi sitt. Rannsóknir hafa sýnt að skipulagt íþróttastarf, þar sem aðstaðan er góð og undir handleiðslu ábyrgra og vel menntaðra þjálfara og leiðbeinenda, hefur forvarnargildi þegar kemur að ýmiskonar áhættuhegðun. Einnig eru sterkar vísbendingar og fleiri rannsóknir[1] sem sýna fram á sterkt samband á milli aukinnar hreyfingar og frammistöðu í námi.

Á sínum tíma var Benedikt Waage, þáverandi forseti ÍSÍ, spurður hvort réttlætanlegt væri að velja einn úr hópi íþróttafólks sem íþróttamann ársins og svaraði hann því til að stjörnurnar vísi veginn, sem fyrirmyndir unga fólksins. Hægt er að taka undir þau góðu orð.

[1] Trudeau og Shepard, 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

Við Elísabet, og Jackie

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Þegar ég kom fyrst til Keníu 1979 sögðu heimamenn mér líkt og öðrum gestum stoltir frá heimsókn Elísabetar prinsessu og Filippusar prins bónda hennar til landsins 1952 því þar voru þau hjónin stödd þegar þau fengu fregnina um andlát föður hennar, Georgs konungs VI. Elísabet sneri strax aftur heim til London sem drottning. Hvert mannsbarn í Keníu þekkir þessa sögu enn í dag.

Elísabet hefur nú verið drottning Englands í 65 ár, ári lengur en langalangamma hennar Viktoría sem bar kórónuna í 64 ár, 1837-1901. Elísabet drottning kom til Íslands 1990 og tók á móti gestum sínum um borð í snekkju sinni Britanniu. Hún var eins og Charlton Heston, náði mér varla í öxl. Viktoría drottning var enn lægri í loftinu, 152 cm.

Annað var uppi í Gönu. Heimamenn þar hafa ekki hirt um að segja mér sína miklu merkilegri sögu af Elísabetu drottningu. Sagan sú er rifjuð upp í nýrri sjónvarpsþáttaröð um drottninguna, The Crown, eftir Peter Morgan. Eftir hann liggja mörg ágæt leikrit og kvikmyndir auk sjónvarpsefnis, t.d. leikritið og kvikmyndin um blaðamanninn David Frost þar sem hann afhjúpar Richard Nixon fv. Bandaríkjaforseta með því að fá hann til að segja: „Þegar forsetinn gerir það, þá er það ekki ólöglegt.“ Heimssögulegt rothögg.

Og sem hún situr til borðs í kvöldverðarveizlu lætur hún kalla Nkrumah til sín, tekur í hönd hans og býður honum upp í dans. Fylgdarmenn drottningar áttu þá ósk heitasta að jörðin gleypti þá. Ljósmyndir af dansgólfinu fóru eins og eldur í sinu um allan heim. Öll afrísk hjörtu bráðnuðu, eða næstum öll. Gambíturinn hreif. Gana er enn í samveldinu.

Eins og hótel í niðurníðslu

Hvað gerðist í Gönu? John Kennedy Bandaríkjaforseti og Jacqueline kona hans komu í opinbera heimsókn fyrst til Frakklands og síðan til Bretlands 1961. Í París heillaði forsetafrúin heimamenn og heimsbyggðina upp úr skónum með glæsileik og fágaðri framgöngu. Þegar Kennedy-hjónin komu til London leiddi Elísabet drottning forsetafrúna um Buckingham-höll til að sýna henni málverk og fór vel á með þeim.

Stuttu síðar eru drottningunni færðar þær fréttir að forsetafrúin hafi gert lítið úr henni við kvöldverðarborð í annarri veizlu í London, kallað hana lítils nýta og þá um leið lifandi sönnun hnignunar brezka heimsveldisins og líkt höllinni við hótel í niðurníðslu o.s.frv. Drottningin tók þessar athugasemdir nærri sér.

Boðið upp í dans

Um þetta leyti juku Sovétmenn umsvif sín í Gönu sem hafði tekið sér sjálfstæði fimm árum fyrr, 1956, fyrst Afríkulanda. Leonid Brésnef sem varð nokkru síðar aðalritari Sovézka kommúnistaflokksins hafði skömmu fyrr verið í Gönu. Brezka stjórnin óttaðist að Rússum tækist að ná fótfestu í Gönu og toga landið út úr Brezka samveldinu og þá gætu önnur lönd e.t.v. kosið að fylgja í kjölfarið. Það mátti ekki gerast.

Drottningin sagði við Harold Macmillan forsætisráðherra: Ég fer til Gönu og tel Nkrumah forseta hughvarf. Macmillan fraus, hann taldi hugmyndina fráleita og sagði hana réttilega fordæmalausa, drottningin ætti ekki að skipta sér af stjórnmálum, ekki frekar en forverar hennar. Ég fer samt, sagði Elísabet. Og hún fór.

Og sem hún situr til borðs í kvöldverðarveizlu lætur hún kalla Nkrumah til sín, tekur í hönd hans og býður honum upp í dans. Fylgdarmenn drottningar áttu þá ósk heitasta að jörðin gleypti þá. Ljósmyndir af dansgólfinu fóru eins og eldur í sinu um allan heim. Öll afrísk hjörtu bráðnuðu, eða næstum öll. Gambíturinn hreif. Gana er enn í samveldinu.

Litlar þúfur, sprautur, þung hlöss

Kennedy forseti þakkaði konu sinni fyrir að hafa hrundið þessari mikilvægu atburðarás af stað. Jackie bað nokkru síðar um fund með Elísabetu drottningu í London til að biðjast afsökunar á illmælginni, lýsti djúpri virðingu fyrir drottningunni og gaf þá skýringu að læknir Hvíta hússins sprautaði þau hjónin stundum með verkjastillandi og styrkjandi lyfjum til að létta af þeim álagi þegar mikið lægi við, t.d. í opinberum heimsóknum, og ein hliðarverkun lyfjablöndunnar væri lausmælgi.

Jackie var 170 cm á hæð. Bóndi hennar var 183 cm eins og Filippus prins.

Fyrsta íbúð

Umsóknarfrestur vegna ráðstöfunar séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð þegar íbúð var keypt fyrir 1. júlí 2017 rennur út um áramót

Að gefnu tilefni vill ríkisskattstjóri árétta að þeir sem keyptu fyrsta íbúðarhúsnæði sitt á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017 og hyggjast nýta sér ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán sitt í allt að 10 ár þurfa að sækja um slíka ráðstöfun í gegnum þjónustusíðu ríkisskattstjóra, *www.skattur.is*, í síðasta lagi hinn 31. desember 2017.

Skilyrði fyrir umsókn eru:

a) fyrstu kaup einstaklings eða með öðrum einstaklingi (hámark tveir kaupendur) og

b) að eignarhlutur í íbúð sé að minnsta kosti 30%.

Athygli er vakin á að síðasti dagur ársins sem hægt er að leita eftir aðstoð við slíka umsókn hjá ríkisskattstjóra er föstudagurinn 29. desember nk.

Nánari upplýsingar um úrræðið er að finna á *www.rsk.is/fyrstaibud*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

KRÓNAN

Ferskt

frá akri til okkar á 4 dögum

Beint frá Kaliforníu

589 kr. pk.

Hindber/Brómber, Driscolls, 170 g, USA

799 kr. pk.

Jarðarber, Driscolls, 454 g, USA

Einfaldur eftirréttur

17 sortir pavlovur, 6 stk.

699 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 31. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

KRÓNAN

Tonic water/ Ginger ale, 200 ml

139 kr. stk.

Tyrrell's snakk, 150 g

299 kr. pk.

Doritos Roulette snakk, 162 g

249 kr. pk.

Nýtt!

M&M caramel, 80 g

249 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 31. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

KRÓNAN

Gerðu þitt eigið

Smárétta HLAÐBORÐ



Fyrir 8 manns

1	Silfur hafsins, rauðvíns- og appelsínusíld 240g BB rúgbrauð, 270g	799 kr. stk. 238 kr. pk.
2	Tilbúin heit purusteik Kjötkompaní rauðvínssósa, 700 ml	1999 kr. kg 1490 kr. stk.
3	Eðalf. Graflax í sneiðum, 200 g Eðalf. Graflaxsósa , 150ml	869 kr. pk. 239 kr. stk.
4	Kaldur hamborgarhryggur í sneiðum Gestus kartöflusalat , 400g	2699 kr. kg 499 kr. stk.
5	Kræsingar hreindýrapate Kræsingar Cumberland sósa, 100g	1299 kr.stk. 597 kr. stk.
6	Esju reyktar andabringur Kokkarnir rauðlaukssulta, 180g	4499 kr. kg 699 kr. stk.
7	Daily dairy VSOC 12 mán, 320 g DGF rifsberjasulta, 650g	1199 kr. stk. 360 kr. stk.
8	Hangikjöt soðið, í sneiðum Rauðkál	3299 kr. kg 349 kr. stk.
9	Snittubrauð Lúxus laufabrauð, 130g	189 kr. stk. 879 kr. pk.

Allt þetta undir

2000* kr. á mann

*miðað við 150 g af andabringu, 600 af hangikjöti og hamborgarhrygg og 200 g af hreindýrapaté

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 31. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Nánar á kronan.is

KRÓNAN

Krónan mælir með!

Kalkúnaskip með salvíusmjöri

3499 kr. kg

Ísfugl kalkúnabringa amerísk fylling

3799 kr. kg

Kalkúnn ferskur

1998 kr. kg

Krónan mælir með!

Ungnautalund Nýja Sjáland lúxus

5999 kr. kg

Lambahryggur

2399 kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 31. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Átján sigrar í röð og fimmtán stiga forskot

Horft til himins Raheem Sterling horfir til himins eftir að hafa skorað sigurmark Manchester City gegn Newcastle United á St. James' Park í gær. Þetta var átjándi sigur City í röð og liðið er nú með 15 stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar. Fátt virðist því geta komið í veg fyrir að City standi uppi sem Englandsmeistari í vor. Næsti leikur lærisveina Peps Guardiola er gegn Crystal Palace á gamlársdag. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýtt nafn ritað á bikarinn í ár?

Niðurstaðan úr kjöri Íþróttamanns ársins verður kunngjörð í kvöld. Tveir fyrri íþróttamenn ársins eru meðal þeirra sem flest atkvæði fengu í kjörinu í ár. Lið og þjálfari ársins verða valin sérstaklega í sjötta sinn.

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Samtök íþróttafréttamanna kunngjöra í kvöld hver varð fyrir valinu sem íþróttamaður ársins 2017 en kjörið fer nú fram í 62. sinn. Íþróttamaður, lið og þjálfari ársins verða heiðruð í hófi sem fer fram í Hörpu í kvöld.

Aðeins tveir úr hópi þeirra sem til greina koma í kvöld hafa áður hlotið sæmdarheitið – Guðjón Valur Sigurðsson og Gylfi Þór Sigurðsson. Guðjón var valinn íþróttamaður ársins 2006 og var fyrsti maðurinn sem fékk nýjan bikar eftir að sá eldri var lagður til hliðar eftir 50 ára notkun.

Gylfi Þór hefur tvívegis verið kjörinn íþróttamaður ársins, árin 2013 og 2016. Ef hann stendur uppi sem sigurvegari í ár verður hann eini knattspyrnumaðurinn sem fær sæmdarheitið þrívegis og tekur hann þar með fram úr Ásgeiri Sigurvinssyni og Eiði Smára Guðjohnsen sem deila metinu með honum nú.

Þetta eru líka þeir tveir íþróttamenn á listanum nú sem oftast hafa verið meðal tíu efstu – Guðjón Valur er nú tilnefndur í níunda sinn og Gylfi í sjöunda. Hinn 38 ára gamli Guðjón Valur er elsti handboltamaðurinn sem hefur verið tilnefndur – hann er þó hvergi hættur enda nýbúinn að framlengja samning sinn við Þýskalandsmeistarana í Rhein-Neckar Löwen.

Sögulegt hjá Söru

Sara Björk Gunnarsdóttir brýtur blað í sögu kjörsins í ár með því að komast á lista tíu efstu í sjötta sinn en engin kona hefur verið oftar á listanum. Sara Björk deildi áður metinu með Kristínu Rós Hákonardóttur og Völu Flosadóttur. Þess ber að geta að sundkonan Hrafnhildur Lúthersdóttir jafnar árangur þeirra í ár með fimmtu tilnefningu sinni.

Alls eiga níu íþróttagreinar íþróttamann ársins í 61 árs sögu kjörsins. 36 sinnum hefur íþróttamaður úr einstaklingsíþrótt verið valinn en 25 sinnum úr hópíþrótt. Hópíþróttirnar hafa þó unnið mikið á síðustu árin en frá 2001 hefur aðeins einn íþróttamaður úr einstaklingsgreinum verið valinn. Það var sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir, íþróttamaður ársins 2015.

Knattspyrnan getur jafnað handboltann ef einn þeirra fjögurra úr fyrrnefndu íþróttinni verður útnefndur íþróttamaður ársins í kvöld. Fótboltamenn hafa ellefu sinnum verið kjörnir en handboltamenn tólf sinnum. Báðar íþróttir eiga þó talsvert langt í land með að ná frjálsíþróttamönnum sem hafa 21 sinni orðið fyrir valinu. Þó er 21 ár liðið frá því að Jón Arnar Magnússon var valinn íþróttamaður ársins, síðastur frjálsíþróttamanna. Aníta Hinriksdóttir er eini fulltrúi þeirra í kvöld.

Ný íþrótt?

Þrír af þeim sem eru á lista yfir tíu efstu í ár eiga möguleika á að færa íþróttagrein sinni sæmdarheitið í fyrsta sinn. Það eru spjótkastarinn Helgi Sveinsson úr íþróttum fatlaðra og kylfingarnir Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Valdís Þóra Jónsdóttir. Ef það tekst mun ný íþróttagrein eignast íþróttamann ársins í fyrsta sinn síðan Magnús Scheving varð fyrir valinu árið 1994 fyrir afrek sín í þolfimi.

Þess ber einnig að geta að lið og þjálfari ársins eru tilnefnd í sjötta sinn. Karlalandslið Íslands í knattspyrnu á möguleika á að verða valið í fjórða sinn og Heimir Hallgrímsson þjálfari ársins í annað sinn. Aðrir sem eru tilnefndir í ár hafa ekki orðið fyrir valinu áður.

Útsending frá hófi Íþróttamanns ársins hefst á RÚV klukkan 19.40 í kvöld.

eirikur@frettabladid.is

Þau tilnefndu

Íþróttamaður ársins verður valinn í 62. sinn í kvöld. Þetta eru þeir íþróttamenn sem flest atkvæði fengu í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna í ár, sem og tilnefnd lið og þjálfari ársins.

Aníta Hinriksdóttir
frjálsíþróttir, ÍR
Aron Einar Gunnarsson
knattspyrna, Cardiff
Guðjón Valur Sigurðsson
handbolti, Rhein-Neckar Löwen
Gylfi Þór Sigurðsson
knattspyrna, Everton
Helgi Sveinsson
íþróttir fatlaðra, Ármanni
Hrafnhildur Lúthersdóttir
sund, SH
Jóhann Berg Guðmundsson
knattspyrna, Burnley
Ólafía Þórunn Kristinsdóttir
golf, GR
Sara Björk Gunnarsdóttir
knattspyrna, Wolfsburg
Valdís Þóra Jónsdóttir
golf, Leynir

Lið ársins
A-landslið karla í knattspyrnu
Valur – meistaraflokkur karla í handbolta
Þór/KA – meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu

Þjálfari ársins
Elísabet Gunnarsdóttir
Heimir Hallgrímsson
Þórir Hergeirsson

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Newcastle - Man. City 0-1
0-1 Raheem Sterling (31.).

Efst		Neðst	
Man. City	58	C. Palace	18
Man. Utd	43	West Ham	18
Chelsea	42	Bournem.	17
Liverpool	38	WBA	15
Tottenham	37	Swansea	13

GREIÐA METVERÐ FYRIR VAN DIJK



Hollenski miðvörðurinn Virgil van Dijk gengur í raðir Liverpool frá Southampton þegar félagaskiptaglugginn opnast á nýársdag. Talið er að Liverpool muni borga 75 milljónir punda fyrir Van Dijk. Það gerir hann að langdýrasta leikmanni í sögu Liverpool og jafnframt dýrasta varnarmanni allra tíma. Hinn 26 ára gamli Van Dijk lék í tvö ár með Southampton. Þar áður lék hann með Groningen í Hollandi og skoska stórliðinu Celtic. Van Dijk gæti spilað sinn fyrsta leik fyrir Liverpool þegar liðið sækir Burnley heim á nýársdag. Hann mun spila í treyju númer 4 hjá Liverpool sem situr í 4. sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

HÖRÐUR AFTUR TIL KEFLAVÍKUR

Hörður Axel Vilhjálmsson, landsliðsmaður í körfubolta, er genginn í raðir Keflavíkur á nýjan leik. Hann kemur til Keflavíkur frá Astana í Kasakstan sem hann hefur leikið með undanfarna mánuði. Hörður Axel lék lengst af með Keflavík á síðasta tímabili. Hann var með 15,7 stig, 5,3 fráköst og 6,8 stoðsendingar að meðaltali í leik í fyrra þegar Keflavík komst í undanúrslit um Íslandsmeistaratitilinn. Hörður Axel hefur farið víða á ferlinum og leikið í átta löndum. Keflavík situr í 6. sæti Domino's-deildar karla með 12 stig eftir 11 leiki. Næsti leikur liðsins er gegn Val 4. janúar.

HALLGRÍMUR TIL KA

Hallgrímur Jónasson skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við KA. Hallgrímur kemur til Akureyrarliðsins frá Lyngby í Danmörku. Húsvíkingurinn hefur spilað sem atvinnumaður á Norðurlöndunum síðan 2009; fyrst með GAIS í Svíþjóð, svo með SönderjyskE í Danmörku og loks með Lyngby. Hér heima hefur hann leikið með Völsungi, Þór og Keflavík. Hallgrímur, sem er 31 árs, hefur spilað 16 landsleiki fyrir Íslands hönd og skorað þrjú mörk. KA endaði í 7. sæti Pepsi-deildar karla á síðasta tímabili sem var það fyrsta hjá liðinu í efstu deild í 13 ár. KA-menn hafa verið rólegir á félagaskiptamarkaðinum í vetur. Auk Hallgríms er liðið búið að fá Sæþór Olgeirsson frá Völsungi. Hann var markakóngur 2. deildar í fyrra.

Í dag

19.40	Crystal P. - Arsenal	Sport
22.00	Búrið: UFC 219	Sport
22.30	Búrið: Uppgjör ársins	Sport

Fólk

FIMMTUDAGUR 28. DESEMBER 2017

Tíska



Áramótaförðunin einkennist af glimmeri, gljáandi augnskuggum og fallegum varalitum, að sögn Þórunnar Maríu Gizurardóttur. Hún farðaði Önnu Láru Orlowska með nýjustu tískulitunum. →4

Búningahönnuður og burlesque-dansari

María Kristín Steinsson, myndlistarkona og burlesque-dansari, leggur mikla vinnu, hugvit og sköpun í búningasaum. Hún hefur saumað föt frá barnsaldri enda ólst hún upp við saumavélina að eigin sögn.

María gerir ekki aðeins búninga heldur einnig ýmsa fylgihluti eins og þessa stórkostlega fallegu fjaðravængi. MYND/ERNIR

ÁRAMÓTAGLEÐI
Í COMMA

Fallegt, fágað og töff

comma,
SMÁRALIND

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is

Burlesque-stjarnan Maria Callista fer á sviðið fyrir Maríu Kristínu. Hægt er að fylgjast með Mariu Callistu á Facebook þar sem hún á sína eigin síðu.

„Áður saumaði ég fötin mín oft á tíðum, kjóla og alls konar, en ekki í dag, núna sauma ég bara burlesque-búninga," segir María sem sat einmitt við saumavélina þegar blaðamaður náði tali af henni, við saum á búningi fyrir burlesque-sýningu kvöldsins. Hún viðurkennir að saumaskapurinn hafi aldrei verið langt undan. „Ég hef alltaf verið eitthvað að sauma. Mamma mín var saumakona og ég ólst upp við saumavélina og lærði af henni. Svo hef ég verið að fikra mig áfram sjálf. Ég hef aldrei lært neitt sérstaklega, læri mest með því að prófa mig áfram."

María lagði stund á magadans fyrir nokkrum árum og saumaði þá flesta búningana sína sjálf. „Ég fór að sauma magadansbúningana bæði af því að þeir eru dýrir og svo hef ég alltaf haft mikla þörf fyrir að búa til mitt eigið frá grunni. Ég vildi hafa ákveðið útlit á búningunum og bjó það bara til sjálf."

María segist hafa verið viðloðandi burlesque í mörg ár. „En ég fór ekki að koma fram sóló fyrr en með hópnum mínum Dömur og herra í byrjun þessa árs. Þá fann ég aftur fyrir þörf til að gera búninga og tók fram saumavélina að nýju." Og María hefur haft í nægu að snúast. Hún hefur komið fram á sýningum Reykjavík Kabarett og með kanadísku dívunni Diamond Minx auk sýninga með Dömum og herra.

En hvað skyldi þurfa að hafa í huga við hönnun og gerð búninga fyrir burlesque-atriði? „Það þarf að vera auðvelt að komast úr þeim," segir María og hlær en bætir svo við: „Þó búningarnir séu kannski ekki mjög stórir og efnismiklir þá getur þetta verið rándýrt, bæði að kaupa efnið og búa til búningana en ég reyni að gera þetta eins ódýrt og ég get. Þeir þurfa að vera flottir uppi á sviði, glamúr, glimmer, gervisteinar, pallíettur og svo framvegis. Og svo svo þarf að setja rennilása, borða, franska rennilása og hitt og þetta smáskraut. Ég kaupi efni í verslunum eins og Virku og Twill og svo ef ég finn eitthvað í búðum sem hentar þá breyti ég því í búning."

Hún segir mjög misjafnt hvort komi á undan, búningurinn eða atriðið. „Ég hef stundum verið komin með búninginn langt á undan atriðinu og stundum er það öfugt."

María Callista mun skína skært í þessum glitrandi búningi á Gauknum annað kvöld.

Þegar upp á svið er komið er það ekki María sjálf sem fer á svið heldur persónan Maria Callista. „Hún var einu sinni magadansmær eins og ég en nú er hún burlesque-listamaður. Hún getur verið agressív, og getur sýnt mörg andlit, er bæði mjög ljúf, fáguð og klassísk en á til að vera óþekk og frek og launfyndin. Það er mjög gott að geta farið í karakter í þessu listformi og það gera langflestir. Það er mjög gott að geta haft sig fyrir sig og sent persónuna upp á svið."

Burlesque hefur verið skilgreint sem fullorðinsskemmtun, þar sem alls kyns hæfileikum er blandað við kynþokka og stundum stripp. Eins og áður sagði er þriðja sýning burlesque-hópsins Dömur og herra á Gauknum í kvöld og hefst stundvíslega klukkan níu. „Þetta verður svona jóla- og áramótasýning sem mun taka snúning á ýmsum jólahefðum. Við fáum gesti, meðal annars íslenska boylesque-stjörnu frá Stokkhólmi, Saint Edgard, og svo ætlar kennarinn okkar ástsæli, Miss Mokki, að vera með okkur líka. Og svo verður hópurinn auðvitað með fullt af atriðum sem bæta, hressa og kæta." Miða á sýninguna má nálgast á tix.is og allar nánari upplýsingar eru á Facebook-viðburðinum Burlesquejól.

Þennan búning saumaði María frá grunni fyrir síðustu sýningu hópsins.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

ANTONÍA barna peysa
~~verð : 11.990~~
nú : 5.395

EBBA barna kjóll
~~verð : 9.990~~
nú : 5.222

BENSI barna húfa
~~verð : 4.990~~
nú : 990

FREYJA/FREYR primaloft jakki
~~verð : 39.990~~
nú : 14.995

ÖGN/AGNAR dún jakki
~~verð : 49.990~~
nú : 22.493

STEINN 3ja laga skel buxur
~~verð : 48.990~~
nú : 18.745

RISA
LAGERSALA
40-90%
AF ÖLLUM VÖRUM
28. - 30. DES

CINTAMANI
OUTLET
AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆ

OPNUNARTÍMAR :
MÁNUDAGUR - FÖSTUDAGUR ..... 10 - 18
LAUGARDAGUR ..... 10 - 16

Glimmer og gljáandi litir

Áramótaförðunin einkennist af glimmeri, gljáandi augnskuggum og fallegum varalitum, að sögn Þórunnar Maríu Gizurardóttur. Hún farðaði Önnu Láru Orlowska með nýjustu tískulitunum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Smekkur fólks á förðun er auðvitað mjög fjölbreyttur en um áramót er glimmer, glans og glamúr alltaf áberandi, Mér finnst rauður varalitur bæði fallegur og sígildur. Sjálf er ég mikið fyrir fjólubrúna varaliti eða liti í þeim dúr. Þeir fara flestum vel og draga fram bros og svipbrigði. Augnskuggar í jarðtónum, t.d. brúnir og vínrauðir, koma vel út í skyggingu í ytri augnkrók," segir Þórunn María Gizurardóttir förðunarfræðingur um áramótaförðunina 2017.

Þórunn María hafði lengi haft áhuga á förðun og fikraði sig áfram í listinni með því að fylgjast með förðun á samfélagsmiðlum og á YouTube. „Ég ákvað svo að skrá mig á námskeið í Reykjavík Makeup School í janúar í fyrra og útskrifaðist þaðan í júlí sama ár, með diplóma í förðunarfræði. Þetta var frábær tími og ég eignaðist margar góðar vinkonur í náminu. Ég hef fengið fullt af flottum tækifærum eftir útskrift, ég farðaði t.d. keppendur í Ungfrú Ísland bæði 2016 og 2017 og það var mjög skemmtileg reynsla," segir hún.

„Ég er mikið fyrir fjólubrúna varaliti eða liti í þeim dúr. Þeir fara flestum vel og draga fram bros og svipbrigði. Augnskuggar í jarðtónum, t.d. brúnir og vínrauðir, koma vel út í skyggingu í ytri augnkrók." MYND/EYÞÓR

Þórunn farðaði Önna Láru Orlowska, Miss World Iceland 2016. Glimmer og jarðlitir eru áberandi. MYND/EYÞÓR

Byrja á augnsvæðinu

Margar konur fara í förðun fyrir áramótagleðina en flestar mála sig sjálfar. Spurð um ráð varðandi förðun segist Þórunn María mæla með því að byrja að mála sig í kringum augun. „Sérstaklega ef þú ætlar að nota augnskugga því þeir eiga til að dreifast á húðina undir augunum þegar þeim er blandað út með bursta. Mín rútína varðandi förðun er þannig að ég byrja á að setja á mig gott rakakrem og farðagrunn. Síðan móta ég augabrúnirnar og set á mig augnskugga. Ég dusta burt augnskuggann sem dreifist undir augun áður en ég ber farða á húðina. Síðan set ég gerviaugnhárin á og enda á vörunum."

Tískan á samfélagsmiðlum

Þórunn María fylgist vel með nýjustu tísku í förðun, ekki síst á samfélagsmiðlunum. „Flestir af virtustu förðunarfræðingunum eru bæði með Instagram og Snapchat og leyfa fólki að fylgjast með sér á þeim miðlum. Síðan finnst mér gaman að kíkja í tískublöð af og til og fæ gjarnan hugmyndir þaðan. Ég og Sara, annar eigandi Reykjavík Makeup School, sáum einmitt um förðun og hár fyrir tímaritið Nýtt Líf á seinasta ári en ég fékk mikinn innblástur þaðan til dæmis um „fashion" förðun."

Hægt er að fylgjast með Þórunni Maríu á Instagram undir nafninu thorunnmariamua.

Þórunn María segir farða og flottan kinnalit ómissandi fyrir áramótaförðunina.

Rauður varalitur er í uppáhaldi hjá Þórunni Maríu.

Glimmerkinnalitur setur svip á förðunina.

FÉKKSTU EKKI CLARISONIC Í JÓLAGJÖF

ÞÚ FÆRÐ ÞAÐ Í HAGKAUP KRINGLU, SMÁRALIND, SKEIFU, GARÐABÆ OG AKUREYRI

Clarisonic tækið hjálpar þér að viðhalda fallegri og heilbrigðari húð. Sonic-sveiflutæknin tryggir milda og örugga húðhreinsun fyrir allar húðgerðir og hreinsar sex sinnum betur en með höndum eingöngu. Clarisonic fjarlægir fitu og óhreinindi sem eru föst í fínum línum og húðholum. Húðin verður mýkri og móttækilegri fyrir virkum efnum úr húðsnyrtivörum. Húðholur verða minna sjáanlegar og húðin frískleg og ljómandi.

25% AFSLÁTTUR 28. DESEMBER TIL 1. JANÚAR

CLARISONIC SMART PROFILE

Smart profile er lúxustækið frá Clarisonic sem hentar fyrir andlit, líkama og fætur með mismunandi burstahausum. Með tækinu fæst 11 x betri hreinsun en með höndum eingöngu og 30 sinnum betri hreinsun á mengun eins og svifryki.

NÝTT eingöngu fyrir Smart profile tækin:
Firming Facial massage head nuddbursti fyrir andlit, háls og bringu sem nuddar húðina á mildan máta og vinnur gegn línum og hrukkum.

NÝTT
Nýr bursti á öll Clarisonic tæki:

Loksins fáanlegur á Íslandi Sonic Foundation brush.

Einföld og þægileg ásetning farða, hyljara, BB krema primera og kremkinnalita. Bursti sem fullkomnar förðunina.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Krumpurnar flækjast ekki í hárinu.

Krumpuð teygja kemur aftur

Tískan fer í hringi og árið 2018 geta síðhærðir fagnað gömlum kunningja sem hefur verið útlægur lengi. Það er eiginlega ekki til almennilegt íslenskt orð yfir „scrunchie“ teygjurnar sem héldu öllu síðu hári í skefjum í lok níunda áratugarins og byrjun þess tíunda, einna helst að krumputeygja hafi náð yfir fyrirbærið. En nú er kominn tími til að finna orðið því þær eiga glæsilega endurkomu til hárprúðra á nýju ári. Við stingum upp á skreygja eða krumpa en lýsum eftir góðu orði yfir þetta þarfa fyrirbæri. Einn helsti kostur skreygjanna var að hárið flæktist ekki í þeim og það er nokkuð sem hársárir kunna vel að meta. Eitt er víst: við eigum eftir að sjá margar krumpur á nýja árinu.



Margir vilja ekki að dýr séu drepin fyrir skinnið af þeim.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Seldu ekta feld sem gervifeld

Verslanirnar TK Maxx, Boohoo og Amazon hafa orðið uppvísar að því að selja ekta feld sem gervifeld. Þetta kom fram í rannsókn Sky News, en fyrirtækin skella skuldinni á birgja sína.

Sky News rannsakaði málið í átta mánuði. Fréttastofan komst að því að ódýrir eyrnalokkar frá Boohoo innihéldu minkafeld, en þeir voru sagðir innihalda gervifeld. Boohoo var líka sakað um að nota kanínuskinn í tvö pör af brúðarskóm, en fyrirtækið segist ekki nota neinn feld.

Boohoo hætti sölu á vörunum og segir að birgjar hafi brugðist trausti þeirra og málið sé til rannsóknar.

TK Maxx, fyrirtæki sem segist ekki hafa selt alvöru feld síðan 2003, reyndist hafa selt kápur og lyklakippur með ekta feldi og Amazon og Groupon reyndust sek um það sama.

Amazon segir að sölumenn sem selja á síðunni hafi brotið reglur og verði refsað. Fyrirtækið stöðvaði líka sölu á vörunum.

Bæði stjórnmálamenn og góðgerðarsamtök vilja nú banna innflutning á feldi og skinnum til Bretlands. Claire Bass, framkvæmdastjóri Humane Society International, góðgerðarsamtakanna sem unnu að rannsókninni með Sky News, sagði að Brexit veitti tækifæri til að loka landamærum Bretlands fyrir grimmilegri, ónauðsynlegri og úreltri verslun með skinn.

Fröken Frímann heldur stríðinu áfram

Sænska sjónvarpið sýnir um jólin fjórðu og síðustu þáttaröðina um stríðið hjá fröken Frímann. Þættirnir hafa verið mjög vinsælir en þeir hafa einnig verið sýndir hér á landi.

Fröken Frímann berst fyrir kvenréttindum og tekur virkan þátt í kvennabaráttu upp úr árinu 1900. Eftir því sem Aftonbladet skrifar horfa um 1,5 milljónir manna á hvern þátt. Ein af leikkonum þáttanna, Sofia Ledarp, telur þá vera gott innlegg í #metoo umræðuna í Svíþjóð og öðrum löndum. Þeir sýni hvernig kvennabaráttan hófst og fólk á auðveldara með að skilja hvað það er sem konur eru enn að berjast fyrir.

Lokaserían gerist árið 1908 og það eru erfiðir tímar á vinnumarkaði, verkföll eru yfirvofandi en konur mega ekki taka þátt í þeim. Þær þurfa að sætta sig við mun lægri laun en karlar og mega ekki vera í stéttarfélögum. Aðalleikkona þáttanna er Sissela Kyle sem fer með hlutverk Dagmarar Frímann.

Fjórða og síðasta þáttaröðin um fröken Frímann er jólaefni sænska sjónvarpsins.

LÉTTSALTAÐIR ÞORSKHNAKKAR
2.290 kr.kg

HUMAR

HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR
Stærð 30/40	Stærð 24/30	Stærð 18/24	Stærð 15/18	Stærð 12/15	Stærð 9/12	Stærð 7/9
3.600 kr.kg	4.900 kr.kg	5.900 kr.kg	6.900 kr.kg	7.900 kr.kg	8.900 kr.kg	9.900 kr.kg

HUMARSÚPA FISKIKÓNGSINS

SKELFLETTUR HUMAR

Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755

OPIÐ
28. DESEMBER 8-18.30
29. DESEMBER 8-18.30
30. DESEMBER 9-18.30
31. DESEMBER 9-13.00

Húsaskjól fasteignasala

Við óskum þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Ásdís Ósk | Auðun | Sigurður | Bergrós | Sveinbjörn | Magni | Hulda

Hlíðasmári 2 - 201 kópavogur - S:519-2600

Húsaskjól fasteignasala - www.husaskjol.is - Husaskjol@husaskjol.is

Norðurbakki 19a 220 Hafnarfjörður

Íbúð | 114,9fm | 1 | 2

Verð: 58.500.000 | 2 bílastæði í bílakjallara

Bergrós sölumaður | S:894-1976

Framnesvegur 17 101 Reykjavík

Íbúð | 91,3fm | 1 | 3

Verð: 44.500.000 | Frábær staðsetning!

Ásdís Ósk fasteignasali | S:863-0402



Stakkholt 2b 105 Reykjavík

Fjölbýli | 149,9fm | 1 | 3

Verð: 85.000.000 | Frábært útsýni!

Ásdís Ósk fasteignasali | S:863-0402



Engihjalli 7 200 Kópavogur

Fjölbýli | 86,9fm | 1 | 2

Verð: 34.900.000 | Flott staðsetning!

Ásdís Ósk fasteignasali | S:863-0402

Álftahólar 2 111 Reykjavík

Fjölbýli | 143,3 fm | 1 | 3

Verð: 42.900.000 | Bílskúr fylgir eign!

Ásdís Ósk fasteignasali | S:863-0402

Hrísrimi 7 112 Reykjavík

Fjölbýli | 95,9fm | 1 | 3

Verð: 41.700.000 | Stæði fylgir í bílageymslu

Ásdís Ósk fasteignasali | S:863-0402

Opið hús 28. des kl 18:00-18:30



Dvergaborgir 5 112 Reykjavík

Fjölbýli | 106,7fm | 2 | 3

Verð: 43.900.000 | Íbúð á tveimur hæðum

Ásdís Ósk fasteignasali | S:863-0402

Opið hús 28. des. kl 17:00-17:30

Fellsmúli 2 108 Reykjavík

Fjölbýli | 93,9fm | 1 | 2

Verð: 35.000.000 | Góð staðsetning

Ásdís Ósk fasteignasali | S:863-0402

Opið hús 28. des. kl 19:30-20:00

Safamýri 38 108 Reykjavík

Fjölbýli | 116,6 fm | 1 | 3

Verð: 42.500.000 | LAUS STRAX!

Sigurður fasteignasali | S:899-1987

Hjá Húsaskjóli færðu vandað söluferli sem skilar árangri!

Æsufell 2 seldist á 1.degi!

Galtalind 1 seldist á 1.degi!

Rauðalækur 41 seldist á 1.degi!

Álfhólsvegur 89 seldist á 1.degi!

Viltu vita meira, hafðu samband við Ásdísi Ósk í síma: 863-0402 eða í email: asdis@husaskjol.is

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

588 0700 Bilabankinn.is
Í BÍLAKJARNANUM EIRHÖFÐA 11 - 110 REYKJAVÍK

VW Caddy. Árgerð 2011, ekinn 136 Þ.KM, metan, 5 gírar. Verð 650.000. + VSK Rnr.261663 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

FORD Transit connect sjálfskiptur. Árgerð 2015, ekinn 67 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 1.990.000 + VSK Rnr.157172 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið virka daga 12-18 og laugard. 12-15
www.bilabankinn.is

Bílar til sölu

BESTA VERÐIÐ !!!
AUDI Q7 3.0 DISEL árg. 2013 ek. 87 Þkm, 7 manna, Leður, Krókur ofl, 1 eigandi, 100% Þjónusta, sumardekk fylgja, tilboðsverð 5990 Þús, gsm 893-9500

TILBOÐ SJÁLFSKIPTUR DISEL
Renault Capture Dynamic Disel árg. 2016 ek 36 þkm, Sjálfskiptur, 17" álfelgur, nýleg sumar og vetradekk, vel útbúin, tilboðsverð 2390 þús, 8939500

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Fjórhjól

Polaris 500 árg 2010 til sölu. Einn eigandi og ekið aðeins 45 klukkutíma. Staðgreiðlu verð 990 þús. Uppl. í s. 892 5064

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

PIPULAGNIR
Tek að mér pípulagningavinnu S:6596729

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



Önnur þjónusta

Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

Keypt & Selt

Til sölu

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Tilkynningar

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 2013-2030 Rósaselstorg, Garðvangur og hindrunarfletir

Bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 2013-2030 í samræmi við 31.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin snýr að því að gerð er tillaga að breyttri landnotkun við Rósaselstorg þar sem svæði fyrir athafnastarfsemi er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu, ásamt því að dregið er úr byggingarmagni við Rósaselstorg. Landnotkun við Garðvang, þar sem áður var hjúkrunarheimili, er breytt úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð, í þeim tilgangi að finna svæðinu ný not. Þá er gerð breyting á takmörkunum hindrunarflata Keflavíkurflugvallar í samræmi við Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.svgardur.is, frá og með 28. desember. Skipulagstillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofum, Sunnubraut 4, 250 Garður og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b Reykjavík. Ábendingar og athugasemdir við aðalskipulagstillögu skal senda til skipulagsfulltrúa á netfangið jonben@svgardur.is. Einnig er hægt að senda athugasemdir merktar „Breyting á Aðalskipulagi Garðs" á, Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4, 250 Garður.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til föstudagsins 9. febrúar 2018. Bæjarstjórn vonast til þess að sem flestir kynni sér þá breytingu á landnotkun sem tillagan markar stefnu um.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984
535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is
FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

NÝTT 24 ÍBÚÐA GISTIHEIMILI TIL SÖLU



Nýtt gistiheimili með 24 litlum íbúðum til sölu. Er til afhendingar fljótlega fullbúið án húsgagna og lausra innréttinga. Mjög stór malbikuð lóð með fjölda bílastæða.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

ÚTSALA

Allt að 50% afsl.

MYNDFORM GRAFÍK

Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

Ný netverslun



Oslo
skóskápur
19.144

Roomers
skenkur
46.823

Retro
eldhúsborð
37.332

Nashville
bókaskápur
41.867

Verð miðast við gengi krónunnar 15/12/17

MYNDFORM GRAFÍK

Hirzlanheimili.is
Netverslun

Lágt verð alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

28. DESEMBER 2017 FIMMTUDAGUR

Okkar ástkæra

Svala Þ. Birgisdóttir

lést á jóladag, 25. desember, á Borgarspítalanum. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi fimmtudaginn 11. janúar kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Erla S.B. Nilsson

Systir mín,

dr. Ólafía Einarsdóttir

lést fimmtudaginn 19. desember í Lyngby, Danmörku. Útför hennar er fyrirhuguð föstudaginn 29. desember frá Lyngby kirkju.

Björg Einarsdóttir

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristófer Bjarnason

Mosabarði 15, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum í Fossvogi þann 20. desember sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 29. desember kl. 13.00.

Róbert Örn Kristjánsson
Elsa Esther Kristófersdóttir **Bárður Þór Sveinsson**
Alexandra Ýr Þorsteinsdóttir
Gunnar Viðar Rúnarsson **Tinna Valdís Viktorsd.**
Sveinn Sölvi Bárðarson
Bjarni Símonarson Kristófersson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Axel Gómez Retana

Sóleyjarima 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 20. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Reykjavíkur.

Guðrún Egils
Axel Gómez
María Pilar Gómez **Áki Ármann Jónsson**
Egill Gómez **Þórunn Elsa Bjarnadóttir**
og barnabörn.

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra Guðmundsdóttir

lést þann 20. desember. Útförin fer fram í kyrrþey 3. janúar að ósk hinnar látnu.

Sigurbjörg Bjarnadóttir **Einar Njálsson**
Gunnlaugur Bjarnason **Sigríður Óladóttir**
Rut Bjarnadóttir **Magnús Ólafsson**
börn og barnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Björnsdóttir

Giljalandi 15, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 29. desember kl. 13.

Árni Gunnarsson
Sigríður Árnadóttir
Auður Þóra Árnadóttir **Höskuldur Björnsson**
og barnabörn.

Ljúfir karlatónar í 90 ár

Karlakórinn Heimir var stofnaður á þessum degi árið 1927 og fagnar því 90 ára afmæli sínu. Stjórnandinn segir kórinn bera aldurinn vel. Æft í dag fyrir tónleika morgundagsins.

„Kórinn ber aldurinn mjög vel. Það eru alltaf fleiri og fleiri ungir menn að bætast í hópinn," segir Stefán R. Gíslason, kórstjóri karlakórsins Heimis sem fagnar 90 ára afmæli sínu í dag. Dagskráin á afmælisdaginn er einföld. Það er kóræfing enda tónleikar í Miðgarði á morgun, svokallaðir þrettándatónleikar – sem haldnir eru viku fyrir þrettándann. „Það er nú vegna þess að það er svo mikið af fólki farið til vinnu 6. janúar. Þess vegna tökum við forskot á sæluna. Við köllum þá þrettándatónleika en undanfarin tvö ár höfum við haft þá réttum megin við áramótin. Þessir tónleikar hafa verið haldnir mjög lengi þó þeir hitti ekki á þrettándann."

Á heimasíðu kórsins segir að stofnendur hans hafi flestir komið úr litlum kór, sem var nefndur Bændakór og starfaði í framhéraði Skagafjarðar í 11 ár. Fyrstu árin störfuðu kórfélagar við mjög frumstæðar aðstæður. Það var æft heima á sveitabæjum þar sem orgel voru til staðar enda var nú ekki mikið um samkomuhús á þessum tímum. En félagsskapurinn stækkaði og áhuginn var mikill. Til æfinga fóru menn aðallega gangandi eða ríðandi en stundum fóru þeir einnig á skíðum. Voru þessar ferðir oft hættulegar og var það augljóst að margir lögðu mikið á sig til að geta verið með í söngnum.

Karlakórinn Heimir heldur upp á stórafmælið með tónleikum í Miðgarði annað kvöld.

Fyrsti söngstjóri kórsins var Gísli Magnússon frá Eyhildarholti, á eftir honum var tónskáldið Pétur Sigurðsson og á eftir honum kom Jón Björnsson en hann stjórnaði Heimi í nærri því 40 ár. Það hafa margir aðrir söngstjórar stjórnað kórnum í gegnum tíðina og þeirra er getið í samantekt Konráðs Gíslasonar: „Söngur í 60 ár".

Stefán hefur stjórnað kórnum nær óslitið frá árinu 1985 utan 2010-2012 þegar Helga Rós Indriðadóttir tók við tónsprotanum og 2014-2015 stjórnaði Sveinn Arnar Sæmundsson kórnum. Undirleikari til fjölda ára er dr. Thomas R. Higgerson pianóleikari.

Hann segir að það sé alltaf gaman að mæta á æfingu enda séu karlarnir ekkert fyrir það að nöldra. „Ég er búinn að starfa síðan 1984 við kórinn, fyrst við undirleik en svo við stjórnun. Þetta er komið yfir 30 ár." Stefán segir að yngsti kórfélaginn sé 15 ára en sá elsti 86 ára.

Skipulagning fyrir árið 2018 er komin á fullt og verður kórinn með tónleika í mars í Langholtskirkju meðal annars.

benediktboas@365.is

Elsku Veiga okkar allra,

Sigurveig Mjöll Tómasdóttir

lést í faðmi fjölskyldunnar 25. desember.

Tómas Tryggvason **Þórdís Pálmadóttir**
Stefán Örn Óskarsson
Heiða Björg Tómasdóttir, Michele Rebora og börn,
Dagný Tómasdóttir, Þórður Ármannsson og börn.

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Halldóra P. Jóhannsdóttir

lést sunnudaginn 17. desember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 3. janúar kl. 13.00.

Jóhann Guðjónsson **Birna Guðjónsdóttir**
Sigurður Guðjónsson **Brynja Guðjónsdóttir**
Björk Guðjónsdóttir **Guðjón Birgir Rúnarsson**
og fjölskyldur.

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, stjúpmóðir, amma og systir,

frú Maureen Patricia Clark (Pat)

myndlistarkona, Ásatúni 28, Akureyri,

lést eftir harða baráttu á sjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 21. desember. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Snorri Jóhannsson
Magdalena R. Hauksdóttir **Arnar Þ. Stefánsson**
Sigrún Sigurðardóttir **Óskar Þór Óskarsson**
Birgir Rafn Snorrason
Thelma Snorradóttir
Viktor Már Snorrason **Marín Jacobsen**
Kara Lind Snorradóttir
Magnea Rún Thelmudóttir
William H. Clark **Guðrún Magnúsdóttir**
Rebecca Faucher **Philippe Faucher**
og frændsystkini.



Elskulegi bróðir okkar, frændi og vinur,

Guðjón Stefánsson

lést á Mörk, hjúkrunarheimili, 10. des. síðastliðinn. Viljum við þakka starfsfólki á 2. hæð fyrir góða umönnun. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Systkini hins látna,
Sigurjón Stefánsson
Jón Stefánsson
Guðbjörg A. Stefánsdóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Margrét Guðmundsdóttir

Hátúni 10, Reykjavík,

lést 20. desember. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 28. desember kl. 13.

Ingi Ingvarsson
Friðrik Ingason **Steinunn Emilsdóttir**
Jóhanna Ingadóttir **Stefán Erlendsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Hólmsteinsson

frá Raufarhöfn, Álftamýri 56,

lést á aðfangadag á líknardeild Landspítalans.

Edda Kjartansdóttir
Kjartan Jónasson **Kolbrún Garðarsdóttir**
Guðrún Soffía Jónasdóttir **Ragnar Atli Guðmundsson**
Arndís Jónasdóttir
Hólmsteinn Jónasson **Steinunn Björg Birgisdóttir**
Jónas Þór Jónasson **Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

FIMMTUDAGA

KLUKKAN 20:10

Hversdagsreglur

Við höfum kynstrin öll af lögum og reglum. Þó koma á hverjum einasta degi upp aðstæður sem við vitum ekki hvernig við eigum að bregðast við. Símtal slitnar en hvor á að hringja til baka? Megum við skamma vini barnanna okkar sem eru með óþekkt heima hjá okkur? Hvenær á að halda dyrum opnum fyrir aðra? **Nú verður loksins tekist á við þetta, þar sem valinkunnu fólki hefur verið hóað saman til að setja okkur hversdagsreglur.**

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Í dag verður austan gola eða kaldi á landinu. Víða léttskýjað, en dálítil él með norður- og austurströnd-inni. Það er að kólna meira hjá okkur og mun frostið bíta vel í kinnar í dag.





LÉTT

	4			9				7
5		8		1	7			9
6						8		
7	8		5				3	
3			4		2			
2								
			3		6	9	8	
			9	5				
	5	3		8	1	2	6	

MIÐLUNGS

1		5		2				
2					8		9	
6		8	1		3			
9				5	2	3	1	
	6			3				8
		2			1			
5	1		9	6				2
						4		1
		6			7			

ÞUNG

								1
			7	9				8
		5	3		6			
				5		3	1	9
	8				9	7		
		1	2		3		5	
	3			2			8	
9						4		
1		2	8					6

4	8	2	1	9	5	3	6	7
9	3	7	2	6	8	4	5	1
5	1	6	4	7	3	2	8	9
6	2	5	7	8	4	9	1	3
7	4	1	9	3	6	5	2	8
3	9	8	5	1	2	6	7	4
2	7	3	6	4	1	8	9	5
8	5	9	3	2	7	1	4	6
1	6	4	8	5	9	7	3	2

4	6	1	5	7	2	9	8	3
7	3	5	9	8	4	2	1	6
2	8	9	3	6	1	5	7	4
3	1	7	4	2	8	6	9	5
5	9	8	6	3	7	4	2	1
6	2	4	1	5	9	7	3	8
8	4	6	2	9	3	1	5	7
9	5	3	7	1	6	8	4	2
1	7	2	8	4	5	3	6	9

5	6	1	3	7	4	8	9	2
7	3	8	2	6	9	1	5	4
9	2	4	5	1	8	3	6	7
8	1	3	9	4	5	7	2	6
2	5	7	6	3	1	4	8	9
6	4	9	7	8	2	5	3	1
3	7	5	1	2	6	9	4	8
1	8	2	4	9	3	6	7	5
4	9	6	8	5	7	2	1	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
2. ofsi
6. í röð
8. beita
9. háttur
11. í röð
12. drós
14. urga
16. tveir eins
17. skamm-stöfun
18. borg
20. gangþófi
21. mælieining

LÓÐRÉTT
1. sigti
3. slá
4. stífkrampi
5. rúm ábreiða
7. tónsvið
10. fugl
13. sjáðu
15. óskerta
16. traust
19. sjúkdómur



LÁRÉTT: **2.** ærsl, **6.** áb, **8.** áta, **9.** lag, **11.** lk, **12.** dræsa, **14.** iskra, **16.** tt, **17.** ofl, **18.** rúm, **20.** il, **21.** únsa.
LÓÐRÉTT: **1.** sáld, **3.** rá, **4.** sýlarfi, **5.** lak, **7.** bartíón, **10.** gæs, **13.** sko, **15.** alla, **16.** trú, **19.** ms.

Skák Gunnar Björnsson

Bareev átti leik gegn Jakowitsch í Tallinn árið 1986.
Hvítur á leik
1. Rxe6! Dxh5 2. Rg7+! Kd8 3. He8# 1-0.
Annar dagur HM í atskák fór fram í Sádi-Arabíu í gær. Mótinu lýkur í dag. Magnus Carlsen sótti í sig veðrið í gær.

www.skak.is: Jólahraðskákmót TR í kvöld.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÞEIR ERU LOKSINS KOMNIR!
VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ MANNBRODDUNUM

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

MAARUD
GERIR GOTT ENN BETRA
GULL AV POTETER SIDEN 1936
MAARUD
POTETGULL
Paprika
VÅRE SPRØESTE CHIPS
ENDA SPRØERE
NOENSINNE!
Tynne, sprø potetchips
GULL AV POTETER SIDEN 1936
MAARUD
POTETGULL
Salt & Pepper
VÅRE SPRØESTE CHIPS
ENDA SPRØERE
NOENSINNE!
Rifla, sprø potetchips
GULL AV POTETER SIDEN 1936
MAARUD
POTETGULL
Classic Salt
VÅRE SPRØESTE CHIPS
ENDA SPRØERE
NOENSINNE!
Tynne, sprø potetchips
Gleðilegt
2018

ÁRAMÓTAVEISLAN

Iceland 12 Mozzarella Sticks 200g
499 KR/PK

Iceland 16 Jumbo Tempura Prawns 208g
799 KR/PK

Iceland 14 Sticky Chicken Skewers With Sesame Seeds 337g
1.299 KR/PK

Iceland Mini Deep Dish Pizzas 540g
799 KR/PK

Iceland vegetable Spring Rolls 288g
299 KR/PK

Iceland 12 Chicken Nachos With Salsa Dip 366g
899 KR/PK

Iceland 60 Crispy Chicken Platter 760g
1.599 KR/PK

Iceland 12 Breaded Cheese Selection 288g
799 KR/PK

Iceland 10 Prawn Toast 180g
499 KR/PK

Iceland 10 Duck Spring Rolls 180g
299 KR/PK

Iceland 12 Ice Cream Chocolate Shots 156g
499 KR/PK

Iceland 12 Sausage and Bacon Rolls
799 KR/PK

Bannisters' Farm 4 Cheesy Dog Potato Skins 320g
549 KR/PK

Bannisters' Farm 4 American Hot Potato Skins 320g
549 KR/PK

OPIÐ 24 TÍMA

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG.
BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR –

HEFST Í ICELAND

Iceland Luxury Salted Caramel Cheesecake 445g
899 KR/PK

Oreo Cheesecake
699 KR/PK

Iceland Luxury 4 Chocolate Créme Brulee Dessert 340g
999 KR/PK

Daim Limited Edition Orange Chocolate Cake With orange & Crunchy Caramel
599 KR/PK

Cadbury Chocolate Mousse and Almond Cake 380g
599 KR/PK

Iceland Luxury Black Forest Roulade 585g
999 KR/PK

Iceland 6 Dessert Pots
899 KR/PK

Iceland Luxury 4 Belgian Chocolate Melt In The Middle Puddings 360g
599 KR/PK

Iceland Luxury Triple Chocolate Gateau 845g
999 KR/PK

Iceland 50 Dessert Platter 693g
999 KR/PK

Iceland Luxury 2 Very Berry Individual Cheesecakes 230g
399 KR/PK

Iceland Irish Cream Profiterole Gateau 780g
999 KR/PK

Iceland Chocolate Caramel Cheesecakes 860g
649 KR/PK

Iceland Luxury Salted Caramel Cheesecake 1Kg
999 KR/PK

Iceland Luxury 2 West Country Salted Fudge Individual Cheesecakes
399 KR/PK

STAÐARBERGI – HAFNARGATA – KAUPANGUR

Iceland

Simaveski.is

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Jólahappdrætti
Krabbameins-félagsins

Útdráttur 24. desember 2017

Vinningar

Volkswagen Golf GTE Premium að verðmæti 4.990.000 kr.
42553

Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.
24456
24715
86883

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 200.000 kr.

1061	30138	63568	82483	106806	139316
1577	30846	63765	83602	109976	139340
3958	33911	66234	85099	110110	140366
4378	35771	66368	85867	110315	140568
5295	38213	68475	89331	118599	140799
6210	38991	71575	92231	119707	141522
7980	40418	71756	92635	120014	145638
9958	41638	71872	93480	120117	145793
11457	43803	74910	95214	121698	146718
13177	44338	75392	95829	122277	150590
13273	45158	75459	98540	123865	151598
16912	49119	75953	99132	124914	151857
19055	50532	77528	101422	128465	152501
21700	50585	77582	101459	129870	153202
22736	51268	77869	101555	130301	154209
25893	53623	77879	102236	133198	156887
26343	57598	79024	104855	136031	158455
27757	59946	79485	105004	137071	160187
28415	61682	80050	105859	137988	161083
29098	63213	81652	106358	138044	161765

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 100.000 kr.

487	25613	43619	72154	87498	105080	136866
1176	26246	45320	74766	87949	106423	138781
1424	26283	47602	76256	88443	106688	139844
3169	26719	50232	76476	90288	107535	140369
6196	27082	51175	77308	90372	107560	140478
6321	27954	51746	78412	91375	108371	141752
8326	28824	52348	78529	91995	111017	142586
9391	29464	53201	80458	92012	113741	142713
10745	30079	54292	80565	92026	113785	142856
11473	30182	54547	80739	92321	114305	145331
11659	30227	54738	81641	93132	114553	145896
15786	31854	55932	82152	93986	117166	149578
16781	32901	56622	83318	94031	117209	150089
17145	33062	56688	83737	95721	118309	150462
17176	33749	57351	84226	96460	119071	151428
19432	33830	58686	84297	97529	120578	152230
19818	35171	61280	84618	99199	123557	152535
21306	35584	63642	84934	99330	123956	152970
22611	38594	64988	85294	100207	124300	153893
22698	40070	66820	85981	103447	127795	155073
23480	41966	67484	87081	103922	129096	157100
25571	42980	69643	87082	104484	134339	160506
						160810

Birt án ábyrgðar

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 11. janúar nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

Catherine Maria Stankiewicz, Sólborg Valdimarsdóttir og Guja Sandholt munu skapa draumkennda kyrrðarstemningu.

Alger lúxus að fá sellóið með – þá bætast við nýjar víddir

Þær Guja Sandholt söngkona, Sólborg Valdimarsdóttir pianóleikari og Catherine Maria Stankiewicz sellóleikari flytja sígilda tónlist í Laugarneskirkju annað kvöld, við kertaljós.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Nú ættu flestir að geta slakað á eftir jólaösina og notið þess að setjast niður að hlusta á fallega tónlist við kertaljós, án þess að hafa áhyggjur af öllu því sem eftir er að gera," segir Guja Sandholt söngkona sem ásamt Sólborgu Valdimarsdóttur og Catherine Mariu Stankiewicz heldur tónleika í Laugarneskirkju annað kvöld, föstudag. Þeir hefjast klukkan 20.

Dagskráin er um klukkustund að lengd, kannski 70 mínútur, að sögn Guju. „Við komum til með að flytja jólalög og sígild verk eftir erlend og íslensk tónskáld, af þeim má til dæmis nefna J.S. Bach, André Previn, Wagner, Alice Tegner, Sigvalda Kaldalóns og Hreiðar Inga Þorsteinsson."

Yfirskrift tónleikanna er Kyrrð og draumar. „Okkur langaði að mynda draumkennda kyrrðarstemningu með jólalegu ívafi og þurftum því að vanda lagavalið vel," segir Guja. „Við verðum með nokkrar mismunandi samsetningar; til dæmis er eitt verkið spilað fjórhent á píanó, einnig er sóló fyrir selló og orgel og svo kvartett því hún Hrafnhildur Árnadóttir sópran verður sérlegur gestur og syngur með okkur í einu verki. Að lokum vonum við að gestirnir taki undir með okkur í síðasta laginu svo kirkjan ómi öll."

Sólborg, Guja og Catherine koma nú fram saman allar þrjár í fyrsta skipti en hafa verið virkar hver fyrir sig í íslensku og erlendu tónlistarlífi undanfarin ár.

„Við Sólborg spiluðum og sungum saman í Perlunum hans Bjarna Thors í Hörpu í sumar og fannst það mjög gaman og við Catherine Maria höfum verið að bíða eftir að gera eitthvað skemmtilegt saman," segir Guja. „Því fannst okkur tilvalið að skipuleggja jólatónleika allar þrjár og prófa þessa samsetningu – rödd, selló og píanó. "

HRAFNHILDUR ÁRNADÓTTIR SÓPRAN VERÐUR SÉRLEGUR GESTUR OG SYNGUR MEÐ OKKUR Í EINU VERKI. AÐ LOKUM VONUM VIÐ AÐ GESTIRNIR TAKI UNDIR MEÐ OKKUR Í SÍÐASTA LAGINU SVO KIRKJAN ÓMI ÖLL.

Guja bendir á að tónleikar með rödd og píanói séu algengir en nú fái hún líka að syngja með sellói. „Það er alger lúxus að fá sellóið með, þá bætast við nýjar víddir og ég verð að segja að hljómurinn úr sellóinu hennar Catherine er undurfagur," segir hún.

Sólborg starfar aðallega sem píanókennari í Tónskóla Eddu Borg og Tónlistarskóla Árbæjar, auk þess að koma fram á ýmsum viðburðum með söngvurum og hljóðfæraleikurum. Svo hefur hún verið meðleikari í tónleikaröðinni Perlur íslenskra sönglaga í Hörpu en segir þá tónleikaröð því miður leggjast af eftir áramótin. „Ég gleðst alltaf yfir að fá tækifæri til að spila með góðum tónlistarmönnum," segir hún.

Af nýlegum verkefnum Catherine Mariu má nefna sólótónleika í Ósló í byrjun desember þar sem yfirskriftin var Ró. „Ég flutti Bach-svítu fyrir sóló selló og frumflutti líka tvö ný íslensk verk fyrir sóló selló sem voru sérstaklega samin fyrir mig. Eftir tónleikana núna fer ég beint til Sviss að vinna með alþjóðlega spunahópunum Ensemble Estelliah, við gáfum út okkar fyrstu plötu í júní sem heitir Creation, á henni er spunatónlist byggð á náttúrunni á Þingvöllum. Þannig að það er nóg að gera og mikið skemmtilegt að gerast fram undan."

Guja er búsett í Hollandi og sinnir verkefnum þar og í löndunum í kring en kveðst reyna að koma eins oft heim og hægt er. „Heimþráin er alltaf sterk," segir hún sannfærandi. Hún kveðst vera með 50% stöðu hjá hollenska útvarpskórnum, stærsta atvinnukór Hollendinga, og það gefi henni svigrúm til að starfa sjálfstætt að alls konar hlutum, eins og að syngja í óratóríum, á ljóðatónleikum og í óperum.

„Hér heima hef ég reynt að vinna að spennandi verkefnum eins og Óperudögum sem verða haldnir í annað sinn núna á næsta ári, í þetta sinn í Reykjavík. Hátíðin var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónlistarhátíð ársins þegar hún var haldin í fyrsta skipti árið 2016. Því höldum við ótrauð áfram með hana."

Hví skyldi svo Laugarneskirkja hafa orðið fyrir valinu sem tónleikastaður? „Af því það er yndisleg kirkja og með fallegum hljómi og svo eru tvær okkar úr Laugarneshverfinu," svarar Guja. „Að sjálfsögðu eru allir gestir hjartanlega velkomnir, hvaðan sem þeir koma," segir Guja. „En það er gaman að efla hverfamenninguna með þessum hætti og við vonum að sjálfsögðu að nágrannar okkar fjölmenni!"

Almennt miðaverð á tónleikana annað kvöld í Laugarneskirkju er 2.500 krónur. Fyrir eldri borgara og nema nemur það 2.000 krónum en ókeypis er inn fyrir grunnskólanemendur og öryrkja.

markhönnun ehf

netto

KALKÚNASKIP
MEÐ FRÖNSKU KRYDDI
3.598 KR/KG

ÍSFUGL

-25%

BEEF WELLINGTON
TILBÚIÐ TIL BÖKUNAR.
5.999 KR/KG
~~ÁÐUR: 7.998 KR/KG~~

VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
1.090 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.298 KR/KG~~

GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
798 KR/KG
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~

KJÖTBORÐ

RAUÐ VÍNBER
449 KR/KG
~~ÁÐUR: 898 KR/KG~~

móar

KJÚKLINGUR
BRINGUSKIP
1.798 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~

KJÖTSEL

HAMBORGARHRYGGUR
ÚRBEINAÐUR
2.998 KR/KG

-36%

HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR
1.791 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.798 KR/KG~~

HANGILÆRI
MEÐ BEINI
2.158 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.398 KR/KG~~

KJÖTSEL

-30%

KJÖTSEL

HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
2.659 KR/KG
~~ÁÐUR: 3.798 KR/KG~~

-25%

HAMBORGARHRYGGUR
MEÐ BEINI
1.189 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.585 KR/KG~~

HUMAR
SKELBROT STÓRT. 1KG.
5.354 KR/KG
~~ÁÐUR: 5.949 KR/KG~~

HUMAR
HÁTÍÐARSÚPA
850 ML
1.298 KR/STK

HUMAR ÁN SKELJAR
800 GR. POKI.
2.999 KR/PK
~~ÁÐUR: 4.998 KR/PK~~

-40%

Tilboðin gilda 28. - 31. desember 2017 www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavik • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

BETRIBILAKAUP.IS
Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu í 511 2777
2017 Nissan Leaf Tekna+

Getur pantað allar gerðir af Volvo bílum hjá okkur!
4-5 mánaða afhendingartími
2018 Forpöntun Volvo XC90

2018 Kia Niro

2016 BMW 330e

Ármúla 4-6, Reykjavík | Firðinum, Hafnarfirði
511 2777 | sala@betribilakaup.is
facebook.com/betribilakaup

Fram til sigurs! Gary Oldman glansar sem Winston Churchill.

Spennandi sögutímar í bíó

Sagnfræðikennsla kvikmyndahúsanna hefst strax í byrjun janúar með All the Money in the World, The Post fylgir í kjölfarið síðar í mánuðinum og sjálfur Winston Churchill mætir síðan í öllu sínu veldi seint í febrúar.

Ridley Scott leikstýrir All the Money in the World sem segir frá því þegar einn ríkasti maður Bandaríkjanna, J. Paul Getty, neitaði að greiða mannræningjum lausnargjald fyrir sextán ára gamlan sonarson sinn.

John Paul Getty III lifði sannköllluðu bóhemlífi í Róm þar sem honum var rænt sumarið 1973. Myndin hverfist að mestu um örvæntingarfullar tilraunir Gail Harris, móður drengsins, til þess að fá afann til að borga. Michelle Williams leikur Gail en Mark Wahlberg er í hinu aðalhlutverkinu sem fyrrverandi CIA-njósnari sem aðstoðar fjölskylduna í málinu.

All the Money in the World var á allra vörum nýlega eftir að Scott ákvað að henda öllum atriðum með Kevin Spacey í hlutverki J. Paul Getty og taka þau upp aftur með Christopher Plummer í hlutverki afans með ískalda hjartað.

Blaðamannadrama

Á meðan ofurleikstjórinn Steven Spielberg beið eftir því að tæknibrellurnar í mynd hans Ready Player One, sem er væntanleg í mars, yrðu tilbúnar hristi hann fram blaðamannadramað The Post.

Myndin gerist 1971 þegar Kay Graham, útgefandi The Washington Post, stóð frammi fyrir því að þurfa að taka ákvörðun um hvort blaðið myndi birta hluta af stolnum gögnum frá varnarmálaráðuneytinu, Panamaskjölunum svokölluðu.

Í skjölunum kom fram að yfirvöld voru allt frá árinu 1965 meðvituð um að Víetnamstríðið yrði ekki unnið en héldu þó áfram að senda bandaríska hermenn í vonlausa baráttuna.

Meryl Streep leikur Graham og Tom Hanks ritstjóra blaðsins, Ben Bradlee, en bæði þykja fara á sínum alkunnu kostum. Ritstjórn The Washington Post hefur áður sannað sig sem fyrirtaks vettvangur fyrir spennandi kvikmyndir með All The President's Men 1976. Hún er almennt talin ein besta blaðamannamynd vorra tíma en þar léku Robert Redford og Dustin Hoffman þá Bob Woodward og Carl Bernstein sem skúbbuðu Watergatehneykslinu undir ritstjórn Bradlees sem Jason Robards lék.

Einn á móti Hitler

All the Money in the World og The Post kallast hvor á sinn hátt á við samtímann. Frelsi fjölmiðla er í brennidepli úti um allan heim í hvirfilbyl falsfrétta, ritskoðunartilburða og alls konar óværu sem grefur undan málfrelsinu, upplýsingaflæði til almennings og þar með réttarríkinu og lýðræðinu eins og það leggur sig.

The Post á því brýnt erindi, ekki síður en All the Money in the World sem dregur á átakanlegan hátt fram hvernig ríkidæmi getur eitrað mannshjartað. Viðeigandi á okkar síðustu og græðgisvæddustu tímum.

Darkest Hour er fjær í tíma en samt nálæg, enda ekki nema rétt rúm 70 ár síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk.

Þar var bókstaflega barist um framtíðina og hvernig heim við myndum byggja. Og hætt er við því að sú heimsmynd sem við þekkjum væri öll önnur ef ekki hefði verið fyrir aðalpersónu Darkest Hour, Winston Churchill, sem stóð framan af einn, ljóngrimmur, flugmælskur, mátulega slompaður en óbugaður andspænis ægivaldi nasismans.

Churchill holdgerist í Gary Oldman í myndinni sem segir frá því þegar Churchill verður forsætisráðherra Bretlands 1940 þegar Hitler er að belgja sig út og gera sig líklegan til þess að valta yfir Evrópu.

Churchill vildi mæta Þjóðverjum af fullri hörku og tók friðarumleitanir ekki í mál. Konungurinn efaðist um hann og hans eigin flokksmenn reyndu að grafa undan honum á meðan hans beið það verkefni að þjappa þjóð sinni saman og brýna hana til átaka þar sem framtíð heimsbyggðarinnar var undir þótt hann hefði ekkert að bjóða nema blóð, svita og tár. **thorarinn@frettabladid.is**

Meryl Streep vinnur enn einn leiksigurinn sem Kay Graham í The Post.
Christopher Plummer fyllti skarð Kevins Spacey á elleftu stundu og leikur nánösina J. Paul Getty.
Tom Hanks leikur ritstjóra-goðsögnina Ben Bradlee.

ÓDÝRARI FLUGELDAR

Brot af því besta sem þú finnur hjá okkur

36 skot
4.900

39 skot
5.900

30 skot
6.900

49 skot
9.900

49 skot
9.900

168 skot
13.900

171 skot
13.900

576 skot
39.900

10 stk
3.900

27 stk
8.900

XL
1.900

3”
2.300

XXL
3.900

XL
Fjölskyldupakkinn
3 tertur
Rakettur
Allskonar smádót
11.900

FLUGELDASALAN
PÚÐURKERLINGIN

Skógarlind 1
KÓPAVOGI
Beint á móti ELKO og Krónunni

Opnunartímar
28. des - 10-22
29. des - 10-22
30. des - 10-22
31. des - 10-16

Sjá nánar á
pudurkerlingin.is





Góða skemmtun í bíó

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

gæði – þekking – þjónusta

FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - FITUMÆLINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR

TALNINGAVOGIR

Mikið úrval
af talningavogum, sem einfalda
talningu á smáhlutum

GOTT VERÐ
CELY PC-50 talningavog
Áður 57.109,- NÚ 45.688,-

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Hvað? Hvenær? Hvar?
Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

28. DESEMBER 2017

Tónlist

Hvað? Vök og aYia
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra
aYia byrjar klukkan 22.00, Vök byrjar klukkan 23.00. Miðar á 2.000 í forsölu á tix.is. Miði við hurð er á 2.500 krónur.

Hvað? Holiday Special
Hvenær? 21.00
Hvar? Prikið, kaffihús
Cyber, Lord Pusswhip og Countess Malaise koma fram ásamt öðrum á Prikinu í kvöld.

Hvað? Kvartett Stínu Ágústsdóttur á Kex
Hvar? Kex Hostel, Skúlagötu 28
Hvenær? 20.30
Á jazzkvöldi Kex Hostels kemur fram kvartett söngkonunnar Stínu Ágústsdóttur. Með henni leika þeir Tómas Jónsson á píanó, Andri Ólafsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þau munu flytja jazztónlist sem hentar tímanum milli jóla og nýárs, þegar jólastressið er búið og allir eru ýmist hálffullir eða hálfþunnir. Tónlistin verður því í blúsaðri kantinum, frjálsleg og fönkí. Roberta Flack og Chaka Khan kíkja við. Aðgangur er ókeypis.

Sýningar

Hvað? Jólaprump í Paradís: The Room
Hvenær? 22.00
Hvar? Bíó Paradís
Prump í Paradís er mánaðarlegur viðburður í Bíó Paradís. Hugleikur Dagsson sýnir bestu verstu myndir í heimi og talar um þær ásamt góðum gestum. The Room er eitt ástsælasta stórslys kvikmyndasögunnar. Eftir The Room munu Hulli og Greg Sestero, einn aðalleikari myndarinnar, ræða myndina ásamt Jonathan Duffy grínista.

Lord Pusswhip verður á Prikinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Heyrst hefur að jólasveinn muni mæta á jólatrésskemmtun Æskunnar í dag.

Hvað? Mirgorod, in search for a sip of water
Hvenær? 18.00
Hvar? Bíó Paradís
Í Úkraínu, um 300 km frá átakasvæðunum í austri, er smáborgin Mirgorod, heimabær skáldsins Nikolajs Gogol. Kvikmyndagerðarmenn heimsækja borgina til að kynnast frægu vatni sem kennt er við hana og hvers vegna hún

BIÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Doctor Who: Twice Upon A Time 18:00
The Killing of a Sacred Deer 17:45, 20:00
Undir Trénu ENG SUB 18:00
The Disaster Artist 20:00
Najlepszy ENG SUB 20:00
Prump í Paradís: The Room 22:00
The Party 22:15
Atvikið á Nile Hilton hótelinu 22:00

var einn helsti heilsubær gömlu Sovétríkjanna. Á ferð þeirra hitta þeir heimamenn sem draga fram bæði staðreyndir sögunnar og andrúmsloft aldanna í stríði og friði. Á meðal viðmælenda eru flóttamenn frá átakasvæðunum í Donetsk, listamaður og borgarstjórinn sem rekur einstök gæði vatnsins í borginni sinni. Áhorfendur rekast líka á hóp fólks undirbúa útihátíð og reka nefið inn í leikhús. Myndin sýnir óþekktar hliðar á landi sem kennt er við stríð.

Uppákomur

Hvað? Dansleikur
Hvenær? 20.00
Hvar? Danshöllin, Drafnarfelli 2, Reykjavík
Sving, rokk, sænskt bugg, línudans, gömlu dansarnir og þeir sem hver og einn kann. Jóhann Larsen sér um tónlistina og allir eru velkomnir.

Hvað? Jólatrésskemmtun
Hvenær? 16.00
Hvar? Æskan barnahreyfing, Víkurhvarfi 1
Jólatrésskemmtun Æskunnar í samstarfi við Hvít jól. Dansað verður í kring um jólatré og heyrst hefur að jólasveinninn ætli að kíkja við og gleðja börnin. Bjarni Rúnar Þórðarson leikur fyrir dansi. Verð er 500 krónur fyrir fullorðna, veitingar innifaldar.

Hvað? Fjölskyldustundir í Grófinni
Hvenær? 10.30
Hvar? Borgarbókasafnið
Fjölskyldustundir eru sérstaklega ætlaðar börnum sem ekki eru komin á leikskólaaldur þó auðvitað séu eldri börn líka velkomin. Boðið er upp á samsöng og gítarspil auk þess sem leikföng og bækur fyrir börnin eru á staðnum og heitt kaffi á könnunni.

Tónlist Chaka Khan er meðal þess sem mun hljóma á KEX í kvöld.

Hvað? Kaffihúsakvöld
Hvenær? 20.00
Hvar? Samtökin '78
Pop-up kaffihúsið Útópía kynnir kósí kvöldstund í Samtökunum '78. Boðið verður upp á kaffi, te og ekta heitt súkkulaði með rjóma. Ljúffengt bakkelsi verður einnig á boðstólum og allt verður þetta á sanngjörnu verði.

Hvort sem þið komið með fjölskylduna, vinahópinn eða bara ein með handavinnuna eða jólabókina verður tekið vel á móti ykkur. Ljúfir tónar verða í græjunum og mandarínur í boði hússins fyrir þá fyrstu sem mæta.

Fundir

Hvað? Jólafundur Stærðfræðafélagsins
Hvenær? 14.15
Hvar? Dunhagi 7, 107 Reykjavík
Félagið óskar félagsmönnum gleðilegra jóla og býður til jólafundar í stofu V-157 í VR-II við Hjarðarhaga. Að venju hefst fundurinn með kaffidrykkju kl. 14.15, en kl. 14.30 heldur stærðfræðingurinn og fyrrverandi þingmaðurinn Pawel Bartoszek erindið Þegar ég reyndi að hefna mín á stærðfræðidæmi. Allir velkomnir.

Hvað? Hvað er fyrirsjáanlegt?
Hvenær? 17.00
Hvar? Café Bleu, Kringlunni
Hvað er fyrirsjáanlegt? Hvað er fyrirsjáanleiki? Hvað er hægt að sjá fyrir ef eitthvað? Hvað er ekki hægt að sjá fyrir? Er hægt að vita framtíðina fyrir víst? Þessum spurningum og fleirum verður reynt að svara í þessu heimspekispjalli.

Karl V. Matthíasson mun leiða gleðimessu í Guðríðarkirkju í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Messað gegn vímuefnaneyslu

Í kvöld verður messað gegn vímuefnaneyslu og með gleðilegu lífi í Guðríðarkirkju. „Árbæjar-, Grafarvogs- og Guðríðarkirkja efna til gleðimessu sem við köllum vængjamessu," segir í tilkynningu um messuna sem hefst klukkan 20.00.

„Um jól og áramót verður þakklæti óvirkra alkóhólista og aðstandenda þeirra enn meira en venjulega. Um þetta þarf ekki að hafa mörg orð. Allir vita hvað við er átt. Þar munum við fá að heyra í óvirkum alka og aðstandanda, karli og konu," segir einnig í tilkynningunni.

Ruth Moore, betur þekkt sem Ruth Reginalds, er í heimsókn hér á landi og mun hún syngja í messunni ásamt Grétu Karen Grétarsdóttur. Grétar Örvars mun spila á flygil. Sigurður Grétar Helgason, prestur í Grafarvogskirkju, leiðir bæn, séra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, prestur í Árbæjarkirkju, verður með örhugvekju en Karl V. Matthíasson, prestur í Guðríðarkirkju, leiðir messuna. Þau lofa ánægjulegri og gefandi stund. Boðið verður upp á veitingar í safnaðarsalnum að messu lokinni. – gha

Fyrsti þáttur

HVERSDAGSREGLUR
KL. 20:15

Við höfum kynstrin öll af lögum og reglum. Þó koma á hverjum degi upp aðstæður sem við vitum ekki hvernig við eigum að bregðast við. Símtal slitnar en hvor á að hringja til baka? Hvenær á að halda dyrum opnum fyrir aðra? Nú verður loksins tekist á við þetta, þar sem valinkunnu fólki hefur verið hóað saman til að setja okkur hversdagsreglur.

Frábært
Fimmtudagskvöld
Fáðu þér áskrift á **365.is**

NCIS
KL. 20:40

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.

Loka-þáttur

THE SANDHAM MURDERS
KL. 21:25

Lokaþáttur í sænskri spennuþáttaseríu sem byggð er á vinsælum bókum ritöfundarins Vivecu Sten. Þættirnir fjalla um rannsóknarlögreglumanninn Thomas Andreasson og lögfræðinginn Noru Lindes sem hjálpast að við að upplýsa flókin morðmál.

THE MARTIAN
KL. 22:00

Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á plánetunni Mars eftir að geimskipið Hermes lendir í fárviðri.

SUPERGIRL
KL. 20:50

Þriðja sería þessara skemmtilegu og spennandi þátta um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.

Fyrsti þáttur

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.20 Kalli kanína og félagar
07.45 Tommi og Jenni
08.05 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Mike and Molly
10.40 Hell's Kitchen USA
11.25 Grantchester Christmas Special
12.35 Nágrannar
13.00 The Fits
14.10 A Royal Night Out
15.45 Grand Designs
16.35 Simpson-fjölskyldan
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 The Goldbergs
19.45 The Big Bang Theory
20.10 **Hversdagsreglur** Við höfum kynstrin öll af lögum og reglum. Þó koma á hverjum degi upp aðstæður sem við vitum ekki hvernig við eigum að bregðast við. Símtal slitnar en hvor á að hringja til baka? Megum við skamma vini barnanna okkar sem eru með óþekkt heima hjá okkur? Hvenær á að halda dyrum opnum fyrir aðra? Nú verður loksins tekist á við þetta, þar sem valinkunnu fólki hefur verið hóað saman til að setja okkur hversdagsreglur.
20.35 NCIS
21.20 The Sandham Murders
22.10 **Snatch** Frábærir breskir þættir hlaðnir spennu, gríni og góðum leikurum, byggðir á samnefndri kvikmynd eftir Guy Ritchie frá árinu 2000. Hópur ungra og efnilegra bragðarefa kemst yfir bílfarm af stolnu gulli og dregst inn í hörkuspennandi atburðarás. Bragðarefirnir þurfa að koma með pottþétta ráðagerð um að koma gullinu í verð og um leið forðast glæpagengið sem telur sig vera lögmætan eiganda fengsins.
22.55 Room 104
23.20 Jason Bourne
02.40 Barbershop 3: The Next Cut
04.30 A Royal Night Out

STÖÐ 2 SPORT

09.45 Tottenham - Southampton
11.25 Liverpool - Swansea
13.05 Messan
14.35 Real Madrid - Barcelona
16.15 Newcastle - Manch. City
17.55 Premier League Review
18.50 Premier League World
19.20 NFL Gameday
19.50 Crystal Palace - Arsenal
22.00 Búrið
22.35 Búrið

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Manch. United - Burnley
08.40 Premier League Review
09.35 Brentford - Aston Villa
11.15 Domino's-körfuboltakvöld
13.05 1 á 1
13.45 Símamótið
14.20 Sheffield Wednesday - Middlesbrough
16.00 FA Cup
17.45 Gary Lineker's FA Cup Film
18.40 Chelsea - Brighton
20.20 Bornemouth - West Ham
22.00 Premier League World
22.30 NFL Gameday
23.00 NBA Special: Reggie Miller
23.50 Crystal Palace - Arsenal

STÖÐ 3

13.20 Blokk 925
13.45 Ísskápastríð
14.20 Fósturbörn
14.40 Kórar Íslands
16.00 PJ Karsjó
16.20 Falleg íslensk heimili
16.50 Pretty Little Liars
17.35 Grand Designs
18.20 Fresh Off the Boat
18.45 The Big Bang Theory
19.05 Modern Family
19.30 Seinfeld
19.55 Friends
20.20 Næturvaktin
20.50 Supergirl
21.35 Arrow
22.20 Eastbound & Down
22.55 Entourage
23.25 Modern Family
23.50 Seinfeld

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 Víkingurinn Viggó
07.27 K3
07.38 Mæja býfluga
07.50 Elías
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur
10.00 Strumparnir
10.25 Hvellur keppnisbíll
10.37 Ævintýraferðin
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Stóri og Litli
11.13 Víkingurinn Viggó
11.27 K3
11.38 Mæja býfluga
11.50 Elías
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur
14.00 Strumparnir
14.25 Hvellur keppnisbíll
14.37 Ævintýraferðin
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Stóri og Litli
15.13 Víkingurinn Viggó
15.27 K3
15.38 Mæja býfluga
15.50 Elías
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur
18.00 Strumparnir
18.25 Hvellur keppnisbíll
18.37 Ævintýraferðin
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Hótel Transylvania 2

Mörgæsirnar kl. 08.24, 12.24 og 16.24



GOLFSTÖÐIN

08.30 Safeway Open
10.45 PGA Highlights
11.40 Volvik Championship
14.15 Golfing World
15.10 CIMB Classic
18.50 PGA Highlights
19.45 Inside the PGA Tour
20.10 Alfred Dunhill Links Championship
23.30 2017 Playoffs Official Film

STÖÐ 2 BÍÓ

12.05 Big Daddy
13.40 As Cool as I Am
15.15 The Lady in the Van
17.00 **Big Daddy** Gamanmynd um Sonny Koufax, karlmann á fertugsaldri sem skortir skýr markmið í lífinu. Þrátt fyrir að hafa numið lög er hann enn í hlutastarfi og framtíðin er ekki björt. Kærastan er að gefast upp á honum en þá ákveður Sonny að sýna henni að hann sé fær um að axla ábyrgð. Hann gengur fimm ára strák í föðurstað og heldur þar með að öll vandræði sín séu úr sögunni en það er nú öðru nær.
18.35 As Cool as I Am
20.10 The Lady in the Van
22.00 **The Martian** Dramatísk mynd frá 2015 með Matt Damon í aðalhlutverki. Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á plánetunni Mars eftir að geimskipið Hermes lendir í fárviðri, en geimfarinn verður að reyna að draga fram lífið á plánetunni einn og yfirgefinn, með lítið af tækjum eða vistum meðferðis. Markmiðið er að þrauka nógu lengi til að ná að koma skilaboðum til Jarðar, og bíða svo eftir björgun.
00.20 The Hateful Eight
03.05 Mad Max: Fury Road

RÚV

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Símon
08.06 Lautarferð með köku
08.11 Lundaklettur
08.18 Ofur-Groddi
08.25 Kalli og Lóa
08.36 Tréfú Tom
08.58 Friðþjófur forvitni
09.22 Kúlugúbbarnir
09.45 Úmísúmí
10.08 Alvin og íkornarnir
10.18 Undraveröld Gúnda
10.30 Super Buddies
11.50 A Simple Wish
13.15 Jólin hjá Claus Dalby - Nýársskreytingar
13.45 Astrid Lindgren
14.45 Vera Drake
16.45 Martin Clunes: Menn og dýr
17.30 Rétt viðbrögð í skyndihjálp
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jólastundin okkar
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Íþróttamaður ársins 2017
20.50 Menningin - Annáll
21.20 George Michael: Frelsi
22.55 Olnbogabarn - Seinni hluti
00.30 The Firm
03.00 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 King of Queens
08.45 How I Met Your Mother
09.05 The Mick
09.30 Man With a Plan
09.50 Speechless
10.15 American Housewife
10.35 Life in Pieces
11.00 The Biggest Loser - Ísland
12.00 Ný sýn - Salka Sól
12.30 Það er kominn matur!
13.00 The Voice USA
14.30 Dead Poets Society
16.40 Zookeeper
18.25 Four Christmases
20.00 Níu líf (Nine Lives)
21.30 McFarland
23.40 Failure to Launch
03.45 Star Wars: Episode IV - A New Hope
05.50 Síminn + Spotify

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR

NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

GULLÖLD SVEIFLUNNAR

7. JANÚAR KL. 20.00

STJÓRNANDI OG KYNNIR:
Sigurður Flosason

SÉRSTAKIR GESTIR:
Kristjana Stefáns
Ragneiður Gröndal
Högni Egilsson
Friðrik Dór

Heilsan okkar

Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir umhverfis- og auðlindafræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum

MARGIR FINNA MIKIÐ FYRIR NEIKVÆÐUM HEILSUFARSLEGUM ÁHRIFUM LOFTMENGUNARINNAR SEM FYLGIR FLUGELDUNUM.

Er reykurinn af flugeldum skaðlegur?

Eitt af því besta við áramótin hjá mér eru flugeldarnir. Sjálf er ég lítið fyrir að skjóta upp flugeldum en er fyrst á svæðið þegar sýningin byrjar og nýt þess að finna fyrir kraftinum í sprengingunum, hávaðanum, lyktinni og öllu því sem fylgir. Flugeldarnir vekja hjá mér gleði, hamingju, spennu, tilhlökkun og von um gott komandi ár.

Þrátt fyrir ákveðinn sjarma eru flugeldar mikil uppspretta svifryks-, brennisteins- og þungmálmamengunar auk þess sem þeir skilja önnur efni eftir sig í umhverfinu. Mörgum eru síðustu áramót í fersku minni. Þá var mikil veðurstilla og skömmu eftir að byrjað var að skjóta upp flugeldum á miðnætti áttum við erfitt með að sjá fallegu ljósasýninguna á himninum. Veðuraðstæðurnar þessa nótt leiddu til þess að sólarhringsstyrkur svifryksmengunar á höfuðborgarsvæðinu 1. janúar 2017 varð rúmlega þrefalt hærri en heilsuverndarmörk segja til um. Og það sem meira er, hæsta hálftímagildi rétt eftir miðnætti jafnaðist á við mælingarnar á Suðurlandi þegar það var eldgos í Eyjafjallajökli og aska feyktist um.

Ég þarf ekki að óttast svifryksmengunina. Ég er hraust og finn ekki fyrir neinum neikvæðum áhrifum eftir að hafa andað að mér menguðu lofti. Aðrir eru ekki eins heppnir og ég. Margir finna mikið fyrir neikvæðum heilsufarslegum áhrifum loftmengunarinnar sem fylgir flugeldunum. Rannsóknir sýna að aukin svifryksmengun getur ýtt undir aukin einkenni hjá þeim sem þjást af lungnasjúkdómum eða hjarta- og æðasjúkdómum. Innlögnum á sjúkrahús og komum á bráðamóttöku fjölgar vegna þessara sjúkdóma þegar svifryk fer yfir heilsuverndarmörk.

Er kannski kominn tími til að við Íslendingar förum að endurskoða þessa áramótahefð okkar? Mætti ef til vill minnka notkun flugelda til að fleiri geti notið áramótanna með okkur og gengið hraust inn í nýtt ár? Ef svo fer, þá mun ég sakna kraftsins en ég mun jafna mig.

NIÐURSTAÐA: Flugeldar eru mikil uppspretta t.d. svifryks og margir finna fyrir neikvæðum heilsufarslegum áhrifum vegna þeirra, sérstaklega þeir sem þjást af lungnasjúkdómum sem dæmi.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

SÚPUHUMAR & STÓR HUMAR
VERÐ FRÁ 3.600 kr.kg
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

Herra Hnetusmjör, Hreimur og Geir Ólafs eru meðal þeirra sem koma fram á næstu dögum í tilefni áramótanna.

Eitthvað fyrir alla á áramótunum

Þetta árið ættu flestir, ef ekki allir, að finna gott áramótapartí við sitt hæfi, hvort sem fólk fílar hipphopp, sveitaballatónlist, elektróníska danstónlist eða eitthvað annað. Hér kemur brot af þeim fjölbreyttu skemmtunum sem eru í boði á gamlárskvöld og dagana í kring.

Gamlárspartíið Rakettan
Á Rakettunni á Loftinu koma fram meðal annars Joey Christ, Herbert Guðmunds og plötusnúðurinn KGB. Miðinn á Rakettuna kostar 1.500 krónur í forsölu en 2.000 krónur við hurð. Partíið hefst á miðnætti og stendur yfir langt fram á nótt.

Forskot á sæluna
Þeir sem vilja byrja að fagna áramótunum snemma ættu að skella sér á tónleikana Kysstu mig bless 2017 á Spot á laugardeginum, 30. desember. Þar koma fram Herra Hnetusmjör, Flóni og JóiP x Króli ásamt fleirum. Miðaverð er 3.000 krónur. Í tilkynningu um viðburðinn segir að ekkert hafi verið til sparað til að gera þetta að risavöxnu áramótapartíi með skærustu stjörnum ársins 2017.

Áramótaball á Selfossi
Áramótaball Stuðlabandsins á gamlárskvöld verður í Hvítahúsinu á Selfossi. Miðaverð er 2.500 krónur og húsið er opnað kl. 01.00. „Hljómsveitin er þekkt fyrir frábæra spilagleði og líflega sviðsframkomu," segir á Facebook-síðu Stuðlabandsins fyrir þá sem ekki þekkja.

Veisla í Mosó
Það verður áramótaveisla á Hvíta riddaranum í Mosfellsbæ. Þar munu Hreimur úr Landi og sonum og Vignir Snær úr Írafári halda uppi stuðinu. Húsið er opnað klukkan 01.00 eftir miðnætti. Miðaverð er 3.000 krónur í forsölu og 3.500 krónur við hurð.

„Risa" partí á Lebowski
Þau á Lebowski bar á Laugavegi lofa „risa gamlárspartíi". Dj Gísli Veltan heldur uppi stuðinu frá klukkan 21.00 á gamlársdag til miðnættis. Plötusnúðurinn Raggi Heiðar tekur svo við og spilar langt fram undir morgun. Frítt inn.

Danspartí á Paloma
Það verður boðið upp á taktfasta tóna á skemmtistaðnum Paloma á gamlárskvöld. Stuðið hefst klukkan 23.00 á gamlársdag og stendur yfir til klukkan 05.00 daginn eftir. Plötusnúðarnir BenSol, Rix og Frímann sjá til þess að hægt verði að dansa eins og enginn sé morgundagurinn. Miðaverð er 1.500 við hurð.

Gamlárspartí í Hafnarfirði
Hafnfirðingar verða ekki út undan á gamlárskvöld því Ölhúsið býður í partí. Húsið er opnað á miðnætti og partíið stendur til klukkan 6.00 um morguninn. Ásgeir Páll, betur þekktur sem Partístjórinn, sér um tónlistina.

Áramótadansleikur á Hvolsvelli
Hljómsveitin Allt í einu leikur fyrir dansi á áramótadansleik í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Húsið er opnað klukkan 00.59.

NÝÁRSPARTÍ 2018

Nýársveisla í Gamla Bíói
Þeir sem vilja heldur halda upp á áramótin á nýársdag ættu að skella sér í nýársfögnuðinn í Gamla Bíói. Þar verður Gatsby- og sirkusþema. Veislan hefst klukkan 19.00 á nýársdag og henni lýkur klukkan 01.00. Boðið verður upp á fjölbreytt skemmtiatriði en meðal þeirra sem koma fram eru Geir Ólafsson og DJ Atli Kanill. Verð fyrir mat, fordrykk, vín með mat og skemmtun er 25.800 krónur. Verð fyrir dansleik frá klukkan 22.30 er 3.500 krónur.

Joey Christ verður á Rakettunni.

Saman gefum við

5 krónur

af lítranum 28. og 29. des.
og styrkjum

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

-17 kr.

með lyklum og kortum
hjá Olís og ÓB

Vinur við veginn

olís

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN
900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Mosel
Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

0 kr. fyrsti mánuðurinn!
Verið vel tengd
Símafélagið

Ísbúðin HAFÍS Ógleymanleg upplifun
Íslenskur ís með ítalskri hefð
Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís
Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is

Starfsmanna- og munaskápar
RÝMI OFNASMIÐJAN
www.rymi.is

Veiktist eftir Þorláksmessusöng í miðbænum

Kristján Jóhannsson stórsöngvari gat ekki sungið í messu í Bústaðakirkju eftir að hafa veikst á Þorláksmessu. Hann segist vera hættur að syngja úti í frosti og kulda og fannst vanta upp á fagmennsku í tónleikahaldinu í miðbænum þar sem hann söng svo

„Það er hægt að segja að ég sé sprækur sem lækur núna," segir stórsöngvarinn Kristján Jóhannsson en hann þurfti að boða forföll í Bústaðakirkju um jólin, þar sem hann hefur sungið um árabil, vegna veikinda. Kristján veiktist á Þorláksmessu en hann söng í miðbænum ásamt Elmari Gilbertssyni og Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni.

Þeir félagar sungu á tveimur stöðum. Í garðinum við Canopy hótelið og við skautasvellið á Ingólfstorgi. Kalt var í veðri og segir Kristján að það sé ekkert sniðugt að syngja við slíkar aðstæður. „Það er annað mál að syngja úti erlendis en hér heima í mínus þremur er það ekki mönnum bjóðandi. Það fer alveg með mann og er mjög erfitt. Þá er maður með hálsinn heitan í þessum kulda.

Auðvitað erum við að gera þetta fyrir fólkið og það yljar manni að sjá bros á fólki. Þetta var mikið ævintýrakvöld og að mörgu leyti virkilega skemmtilegt því við fengum svo yndislegar viðtökur en það voru hnökrar á þessu kvöldi."

Hann segist efast um að hann geri nokkuð svona aftur. Ekki bara vegna kuldans því skipulagsleysið og fagmennskan hafi ekki verið í neinum klassa. „Við sungum fyrst við Canopy og það var allt í góðu nema að pianistinn fór aftur fyrir sig og datt og meiddi sig. Það þarf að undirbúa svona viðburð betur og gera þetta almennilega. Mér fannst illa að þessu staðið. Við gátum lítið fylgst með hvað við vorum að gera því það vantaði mónitor til að heyra í okkur.

Hljóðið var líka langt frá því að vera í lagi og ég held að menn þurfi að vanda meira til verka. En eins og ég segi, þá var þetta ævintýrakvöld," segir kappinn hress og kátur sem fyrr þrátt fyrir hita. **benediktboas@365.is**

KRISTJÁN JÓHANNSSON TENÓR

- Hóf söngnám um tvítugt við Tónlistarskóla Akureyrar hjá Sigurði Demetz.
- Lærði hjá Gianni Poggi í Conservatorio Nicolini í Piacenza.
- Þreytti frumraun sína á óperusviðinu árið 1980 í Osimo Teatro Piccola í Feneyjum í Il Tabarro og Gianni Schicci eftir Puccini.
- Hefur sungið öll helstu hlutverk ítölsku óperubókmenntanna.

Norðurpólsævintýri skrifað í hitanum

Christina van Deventer, sem er íslenskur ríkisborgari og búsett í Suður-Afríku, hefur gefið út bókina The Deermaster hjá Amazon, bæði rafrænt og prentaða. Í sögunni segist hún velta fyrir sér hvernig búskapur jólasveinsins á Norðurpólnum hafi byrjað.



Sagan gerist í þorpi á Norðurpólnum þar sem verið er að þjálfa nýjan hreindýrameistara. „Hann virðist ekki einu sinni vilja sinna þessu mikilvæga starfi og ef álfurinn Carol getur ekki hjálpað honum þá eru jól framtíðarinnar í hættu."

Christina er fædd og uppalin í Suður-Afríku en bjó um tíma á Íslandi ásamt eiginmanni sínum, Braga Þór Valssyni. „Við notuðum svo tækifærið og fluttum til Suður-Afríku 2011 þegar Braga bauðst staða sem stjórnandi drengjakórsins heimsfræga Drakensberg Boys Choir."

Christina segir veðrið ákaflega hentugt til skrifta. „Það er alls staðar hægt að setjast niður í góða veðrinu og skrifa." Hún hefur áður gefið út nokkrar smásögur hjá Amazon. „Ég prófaði mig aðeins áfram með þær. Miðað við magnið sem þeir gefa út og selja eru þeir hjá Amazon merkilega iðnir við að aðstoða með ýmislegt í ferlinu öllu."

– þþ

Bókin fæst á Amazon bæði í stafrænni útgáfu og prentaðri.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HÚSGAGNA
HÖLLIN

LOKAÐ
Í DAG 28. DESEMBER

Við undirbúum okkar árlegu RISA-ÚTSÖLU sem hefst á morgun 29. desember kl. 10^{00}

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Frosta Logasonar

Hvers er að minnast?

Nú árið er liðið í aldanna skaut og aldrei það kemur til baka, sagði skáldið. Ekki grátum við það nú, þó síður sé. Margir sjá í nýju ári ótal tækifæri til að breyta um kúrs, rétta sig af og verða betri manneskjur.

Það eru þó ákveðnar stundir sem maður mun sakna frá árinu sem er að líða. Stundir sem maður upplifir sennilega aldrei aftur. Líklega ber þar hæst þá fölskvalausu gleði sem greip um sig meðal landsmanna þegar alþjóðlegur verslunarrisi opnaði útibú sitt í sjálfu heimaþingi kapítalismans, Kauptúni í Garðabæ.

Costco birtist okkur að vori sem vermandi sól og fékk okkur til að gleyma öllum okkar þrautum. Gárungar segja að stemningin sem þá myndaðist hafi helst minnt á fall Berlínarmúrsins, þegar hundruð þúsunda streymdu yfir í frelsið úr margra áratuga höftum og hörmungum. Jafnvel íslenskir sósíalistar réðu sér ekki af kæti og skáluðu í kampavíni á meðan þeir létu renna í langþráð froðubað sem loksins fékkst hér á mannsæmandi kjörum.

Góðærisveislan hélt áfram að stigmagnast þökk sé endingargóðu gæðaeldsneyti sem flæddi úr dælum heimsvaldastefnunnar. Sótsvörtum almúganum bauðst loksins klósettpappír og jarðarber á kostnaðarverði. Heilt yfir virðist hagur landsmanna því hafa stórbatnað á árinu. Því er ekki úr vegi að ljúka árinu á ríflegri hækkun launa presta og biskups. Þeir eru jú hin skæra birtingarmynd frelsarans sem lýsir okkur áfram á vegi lífsins. Við vonum að þeir miðli fyrir okkur almúgann góðum óskum til Drottins um fleiri Costco-verslanir og hamingju á nýju ári.